



Skólaskýrsla

Skólaárið 2024 - 2025



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Inngangur	6
2 Tölulegar upplýsingar	6
3 Námsframboð	8
4 Skólastarf.....	9
4.1 Innra starf	9
4.2 Valfög fyrir grunnskólanemendur	10
4.3 Stofnun ársins.....	10
4.4 Jafnvægisvog FKA	10
4.5 Gjafir og styrkir	11
4.6 Ferðalög og heimsóknir	12
5 Viðburðir á skólaárinu	17
5.1 Móttaka nýnema	17
5.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema	17
5.3 Valkynning á sal	17
5.4 Uppbrotsdagur	18
5.5 Heimsókn ráðherra.....	19
5.6 Forvarnardagur ungra ökumanna	19
5.7 Lýðræðisfundur	19
5.8 Starfshlaup.....	19
5.9 Meistaradagur	19
5.10 Opið hús - námskynning	20
5.11 Dimmisio.....	20
6 Skýrsla námstjóra.....	22
6.1 Starfið veturinn 2024-2025	22
6.1.1 Fundir á skólaárinu	22
6.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir	23
6.1.3 Kaup á kennslubúnaði	26
6.1.4 Styrkir og gjafir	26
6.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað	27

6.2.1	Einyrkjar.....	27
6.2.2	Erlend tungumál	29
6.2.3	Húsasmíði	33
6.2.4	Íslenska	35
6.2.5	Íslenska fyrir erlenda nemendur	38
6.2.6	Íþróttir	41
6.2.7	Listir	43
6.2.8	Málm- og vélstjórnargreinar	45
6.2.9	Rafvirkjun.....	46
6.2.10	Raungreinar	48
6.2.11	Samfélagsgreinar	50
6.2.12	Starfsbraut.....	53
6.2.13	Stærðfræði.....	57
6.2.14	Tölvugreinar.....	60
6.3	Lokaorð	64
7	Skýrsla bókasafns.....	65
7.1	Um safnið.....	65
7.2	Skólaárið 2024-2025.....	65
7.3	Aðföng og safnkostur	65
7.4	Útlán	66
8	Skýrsla námsráðgjafa	67
8.1	Inngangur.....	67
8.2	Verkaskipting námsráðgjafa	67
8.3	Viðtöl	68
8.4	Námsstuðningur	68
8.5	Fornám.....	70
8.6	Starfsbraut	70
8.7	Farsæld	70
8.8	Foreldrasamstarf	70
8.9	Námskeið og fagfundir	70
8.10	Fundir innan skólans.....	70
8.11	Námskynningar.....	71
8.12	Töflubreytingar og fleiri störf	71
9	Skýrsla félagsráðgjafa.....	72

9.1 Inngangur.....	72
9.2 Skipulag þjónustu	73
9.3 Lykiltölur	74
9.4 Önnur verkefni félagsráðgjafa og námskeið	78
9.5 Samantekt.....	80
10 Skýrsla alþjóðafulltrúa.....	82
10.1 Inngangur.....	82
10.2 Haustönn	82
10.3 Vorönn	84
11 Skýrsla matsnefndar.....	85
11.1 Inngangur.....	85
11.2 Könnun á reynslu nýnema	85
11.3 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum	86
11.4 Kennslumat.....	86
11.5 Könnun um félagsleg tengsl og vellíðan á vinnustað	87
11.6 Móttaka nýrra starfsmanna.....	87
11.7 Miðannarkönnun	87
11.8 Kaffihúsafundur með kennurum	88
11.9 Lýðræðisfundur	88
11.10 Stofnun ársins	89
11.11 Lokaorð	90
12 Skýrsla forvarnafulltrúa.....	91
12.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS.....	91
12.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun	92
12.3 Samtakahópurinn	92
12.4 Forvarnir í framhaldsskólum	93
12.5 Viðtalstími.....	93
12.6 Forvarnardagur.....	93
13 Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	94
13.1 Inngangur.....	94
13.2 Skólaárið 2024-2025	94

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2024-2025 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um kennslu, innra starf, skólastarf og ýmsa viðburði á skólaárinu. Í skólaskýrslunni eru einnig skýrslur námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, alþjóðafulltrúa, matsnefndar, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2 Tölulegar upplýsingar

Haustönn

Fyrsti kennsludagur annarinnar var 19. ágúst en skólastarfið hófst þremur dögum fyrr þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera þessum yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1000 og um 80 í námi síðdegis. Auk þess stunduðu um 130 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans voru 94 á önninni; 67 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 5 stundakennarar og 22 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Alltaf verða einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og um haustið bættist nokkur fjöldi starfsmanna við. Nýir starfsmenn voru þau Auður Edda Gunnarsdóttir, Elín Anna Guðmundsdóttir, Elvar Smári Sævarsson, Gunnhildur Þórðardóttir, Hilmir Aron Kárasón, Kamila Klak, Linda Björk Pálmadóttir, Michael Anthony Weaver, Ólöf Ósk Óladóttir, Óskar Júlíus Bjarnason, Sergio García Ortega, Sigurður Hilmar Guðjónsson, Stella Björk Fjeldsted og Valgerður Guðbjörnsdóttir. Auk þess voru nokkrir stundakennarar á önninni. John Richard Middleton fór í námsleyfi en Guðrún Jóna Magnúsdóttir sneri aftur eftir leyfi. Guðlaug Pálsdóttir var í leyfi sem aðstoðarskólameistari en Guðmundur Grétar Karlsson leysti hana af. Katrín Sigurðardóttir leysti Guðmund af sem námstjóri. Ægir Karl Ægisson áfangastjóri hætti hættur störfum og var Elín Rut Ólafsdóttir ein áfangastjóri en hluti verkefna áfangastjóra færðist á námstjóra.

Brautskráning haustannar fór fram föstudaginn 20. desember. Að þessu sinni var útskriftardagurinn fallegur en þennan dag var hvít jörð og stilla. Að þessu sinni útskrifuðust 49 nemendur; 43 stúdentar, 4 úr verk- og starfsnámi, 2 meistarar og 2 luku prófi af tölvuleikjabraut Keilis. Þess má geta að sumir luku prófi af fleiri en einni braut. Karlar voru 27 en konur 22. Alls komu 35 úr Reykjanesbæ, 11 úr Suðurnesjabæ og einn úr Grin dāvík, Hafnarfirði og frá Selfossi.

Vorönn

Skólastarf hófst 3. janúar með stundatöfluaafhendingu en kennsla hófst 4. janúar. Rúmlega 900 nemendur voru í dagskóla og á þriðja tug í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 90 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Starfsmenn á vorönninni voru 92; 67 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 6 stundakennarar og 19 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Einn nýr kennari bættist í hópinn í upphafi vorannar en það var Þóra Sigríður Jónsdóttir.

Brautskráning vorannar fór fram föstudaginn 23. maí. Útskrift vorsins er sú fjölmennasta í sögu skólans og var því fjölmenni á sal, útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Eftir einstaka veðurbliðu dagana á undan ákvað sólin að láta lítið á sér bera þennan dag en dagurinn var fallegur enda er útskriftardagur er alltaf mikill hátíðisdagur fyrir útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra og ekki síður fyrir starfsfólk skólans. Að þessu sinni útskrifuðust 167 nemendur og er það stærsti hópur sem hefur útskrifast frá skólanum. Þar af voru 99 stúdentar, 40 luku verknámi, 18 luku námi af starfsnámsbrautum, 5 útskrifuðust af sjúkraliðabraut, 15 af starfsbrautum og 2 iðnmeistarar. Þá útskrifaðist fyrsti hópurinn úr ÍAK einka- og styrktarþjálfun en það voru 13 nemendur. Þess má geta að sumir ljúka prófi af fleiri en einni braut. Karlar voru 86 en konur 81. Alls komu 95 úr Reykjanesbæ, 25 úr Suðurnesjabæ, 10 úr Grindavík, 15 úr Vogum og 22 komu annars staðar af landinu.

3 Námsframboð

Skólinn hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt bóknám, verknám og starfsnám. Markmiðið er að mæta þörfum svæðisins varðandi nám á framhaldsskólastigi.

Á haustönn 2024 var farið af stað með námsbrautir í einka- og styrktarþjálfun og tölvuleikjagerð. Þessar brautir höfðu verið kenndar hjá Keili en fluttust til skólans samkvæmt samkomulagi skólans og Keilis.

STÚDENTSBRAUTIR

Félagsvísindabraut
Fjölgreinabraut
Íþrótt- og lýðheilsubraut
Listnámsbraut - myndlistarlína
Listnámsbraut - tónlistarlína
Raunvísindabraut
Tölvufræðibraut
Tölvuleikjagerð
Viðskipta- og hagfræðibraut
Stúdentspróf af starfs- og verknámsbrautum

FRAMHALDSSKÓLABRAUTIR

Framhaldsskólabraut - Bóknámslína
Framhaldsskólabraut - Fornámslína
Framhaldsskólabraut - Íþrótt- og lýðheilsulína
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, myndlist
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, textíl
Framhaldsskólabraut - Tölvulína
Framhaldsskólabraut - Tölvuþjónustulína
Framhaldsskólabraut - Verknámslína

STARFS- OG VERKNÁMSBRAUTIR

Einka- og styrktarþjálfun
Grunndeild málm- og véltæknigreina
Grunndeild matvæla- og ferðagreina
Hársnyrtiiðn
Húsasmíðabraut
Pípulagnabraut
Rafvirkjabraut
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrá
Vélstjórn

MEISTARASKÓLI

Iðnmeistaránám

STARFSBRAUT

Starfsbraut
Framhaldsskólabraut - Starfsbraut

ERLENDIR NEMENDUR

Námsbraut fyrir erlenda nemendur

4 Skólastarf

4.1 Innra starf

Haustönn

Katrín Ruth Þorgeirsdóttir flutti erindi fyrir kennara um áhættu hegðun og ofbeldi unglinga.

Á önninni skrifaði skólinn undir viljayfirlýsingu um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsneti skóla sem kallast UNESCO-skólar. Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlegasamvinnu á sviði menntunar, vísinda- og menningarmála.

Vorönn

Þann 29. janúar fékk starfsfólk erindi frá þeim Söndru Bjarnadóttur og Jóhanni Birni Guðmundssyni frá Suðurnesjabæ vegna þjónustu við fylgdarlausa erlenda nemendur.

Fundartímar marsmánaðar fóru að stærstum hluta í skyndihjálparnámskeið hjá starfsfólki. Var það Guðrún Ösp Theodórsdóttir sem sá um fræðsluna. Í bóklega hluta námskeiðsins var allur hópurinn saman en í verklega hlutanum var honum skipt niður í þrjá hópa sem mættu á þremur mismunandi tímum. Var námskeiðið upplýsandi og gagnlegt.



Útskriftarnemendur á haustönn setja upp útskriftarhúfurnar.

4.2 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekk til boða. Þetta skólaár voru hópar í ensku, stærðfræði, textíl og hár, rafiðnum, húsasmíði og málmsmíði. Einnig var boðið upp á spænsku og þýsku en því miður náðist ekki í hóp í þeim greinum. Boðið var upp á kynjaskipta hópa í textíl og hár, húsasmíði, rafvirkjun og málmsmíði en þátttaka var ekki næg til að þeir hópar færu af stað.

4.3 Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins 2024 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 13. febrúar en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra ríkisstofnana í könnuninni og er þetta þriðja árið í röð sem skólinn er í efsta sæti í þessum flokki. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 9. sinn á síðustu ellefu árum.

4.4 Jafnvægisvog FKA

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu, fyrir árið 2024. Að þessu sinni hlutu 93 fyrirtæki, 15 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar þessa viðurkenningu. Að hreyfiaflsverkefninu standa auk FKA, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Creditinfo, Deloitte, Pipar\TBWA, Ríkisútvarpið, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjóvá.

Viðurkenningarnar voru veittar við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Háskóla Íslands. Dr. Ásta Dís Óladóttir, prófessor við Háskóla Íslands og formaður Jafnvægisvogarinnar opnaði hátíðina og hrósaði stjórnendum fyrir eftirtektarverðan árangur í jafnréttismálum. Þá flutti Katrín Jakobsdóttir ávarp og fór yfir stöðuna í jafnréttismálum í samfélaginu almennt. Það var Sonja Sigurðardóttir fjármálastjóri sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.

4.5 Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Á haustönn færði Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, rafiðnnemum á 1. ári vandaðar vinnubuxur. Þetta er þriðja árið í röð sem Rafmennt gefur buxur en allir nemendur sem hefja nám í rafiðnum fá þessa gjöf og einnig kennarar. Það voru þær Elísa Einarsdóttir og Hafdís Reinaldsdóttir frá Rafmennt sem afhentu gjöfina.

Rafiðnadeild fékk einnig góða gjöf frá Samtökum fyrirtækja í rafiðnaði sem gaf deildinni fjölsviðsmæla.

Á vorönn bárust listnámsbrautinni veglegar gjafir. Sólrún Anna Símonardóttir, eigandi Jöklaljós kertagerðar, gaf glerofn með öllu tilheyrandi og Einar Guðberg Gunnarsson færði listnámsbraut einnig veglega gjöf en það voru ýmis konar myndlistarvörur og efni.



Nemendur í vélstjórn skoðuðu Huldu Björnsdóttur GK 11.

4.6 Ferðalög og heimsóknir

Haustönn

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í íþrótt sinni samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á þessari önn kom kom Björgvin Páll Gústavsson, landsliðsmarkvörður í handbolta, í heimsókn og ræddi sjálfstraust, frammistöðu o.fl. Dr. Erla Björnsdóttir ræddi við nemendur um mikilvægi svefns fyrir líkamlega og andlega heilsu, dægursveiflu og áhrif hennar á frammistöðu. Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handknattleik, heimsótti einnig afreksíþróttalínuna og ræddi m.a. hvernig hann setti sér markmið og náði þeim og kom inn á sjálfsmynd.

Nemendur í rannsóknaráfanga í félagsfræði gerðu vettvangsrannsókn í miðbæ Reykjavíkur og hlustuðu síðan á erindi á Þjóðarspeglí Félagsvísindasviðs HÍ.

Nemendur á fyrstu önn í rafiðnum fóru í heimsókn til Ískraft og fengu kynningu á almennu raflagnaefni og voru leystir út með gjöf að heimsókn lokinni. Nemendur í rafiðnum fengu einnig fyrirlestur um Öryggismál í rafiðnaði þegar fulltrúar Mannvirkjastofnunar heimsóttu skólann.

Nemendur í náttúruvísindaáfanga fóru og gróðursettu plöntur við Vatnsholt á svæði Skógræktarfélags Suðurnesja. Náttúruvísindaáfanginn er grunnáfangi í náttúrufræði og í framhaldi af gróðursetningunni er fjallað um plöntur og hlutverk þeirra í náttúrunni.

Í byrjun nóvember fóru tíu nemendur af vélstjórnarbraut skólans í skoðunarferð um borð í nýjan togara Þorbjarnar í Grindavík. Togarinn heitir b/v Hulda Björnsdóttir GK 11 og er einn allra glæsilegasti og fullkomnasti ísfisktogari landsins.

Nemendur í myndlist fóru í heimsókn á Listasafn Reykjanesbæjar og nemendur í teikniáfanga fóru þangað nokkrum dögum síðar.

Nemendur í sjónlistum fóru á Kjarvalsstaði, skoðuðu tvær sýningar og unnu verk í skissubækur.

Á starfsbraut fóru nemendur á lokaári í starfsnámi í heimsókn til HSS. Markmið slíkra heimsókna er að vekja áhuga nemenda á ólíkum störfum og vinnustöðum og möguleikum þeirra til framtíðastarfa. Á starfsbraut var farið af stað með nýsköpunaráfanga og þar fengu nemendur fræðslu í Fab Lab Suðurnes um það starf sem þar fer fram. Einnig komu fulltrúar frá fyrirtækjunum Urta Islandica og Algalíf og kynntu starfsemi sína og vöruþróun.

Vorönn

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Andri Iceland heimsótti nemendur á vorönninni. Í tímanum kynntust nemendur krafti meðvitaðrar öndunar og lærðu tækni sem bætir einbeitingu, dregur úr streitu og eykur líkamlega frammistöðu. Andri kom svo aftur seinna á önninni og kynnti þá hvernig kuldaþjálfun getur aukið bata, þol og seiglu. Tveir nemendur í sjúkraþjálfun heimsóttu afreksíþróttalínuna í apríl). Þetta voru þær Helga Sveinsdóttir og Ingibjörg Sól Guðmundsdóttir en þær eru báðar stúdentar frá FS og eru á 2. ári í sjúkraþjálfun. Þær sögðu hópnum frá starfi sjúkraþjálfara og náminu og kenndu nemendum svo að teipa ökkla.

Nemendur á starfsbraut fengu fræðslu frá lögreglunni um ökunám og tóku þátt í forvarnardegi ungra ökumanna. Útskriftarnemar heimsóttu fyrirtæki og kynntu sér starfsemi þeirra en það voru Bitinn, Nettó, Toyota, Hljómahöll, Njarðvíkurskóli, Tölvulistinn, Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar, Leikskólinn Gimli, Skartsmiðjan, Securitas og Leikskólinn Hjallatún.



Nemendur á afreksíþróttalínu lærðu að teipa ökkla.

Nemendur okkar stóðu sig með prýði á Íslandsmóti iðnnema sem haldið var í Laugardalshöll um miðjan mars samhliða framhaldsskólakynningunni Mín framtíð. Nemendur okkar kepptu í háriðnum, húsasmíði, rafiðnum og forritun. Valgerður Amelía Reynaldsdóttir varð Íslandsmeistari í fantasíugreiðslu með víkingaþema en hún er á 2. önn í háriðnum. Aleksander Klak varð í 2. sæti í forritun og Aron Kristinsson varð í 3. sæti í rafiðnum. Þess má geta að tveir fyrrum nemendur okkar urðu Íslandsmeistarar í sínum greinum. Berglind Elma Baldvinsdóttir vann keppni í fantasíugreiðslu með með Bridgerton-þema en hún lauk grunnnámi í hárgreiðslu hér en er nú á 5. önn í Tækniskólanum. Helgi Líndal Elíasson varð í 1. sæti í gullsmíði en hann stundar einnig nám í Tækniskólanum eftir að hafa lokið stúdentsprófi af listnámsbraut frá FS.

Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri raftækjaheildverslunarinnar SRX, kom í tíma hjá nemendum í frumkvöðlafræði í dag. Frumkvöðlafræði er áfangi á viðskipta- og hagfræðibraut þar sem nemendur stofna og reka eigið fyrirtæki. Kjartan hafði frá mörgu að segja og ræddi m.a. um hvernig á að sjá út tækifæri og meta þau, hvernig fyrirtæki geta breytt gestum í viðskiptavinum og fjölgað vörum í körfu.


Nemendur í frumkvöðlafræðiáfanganum tóku þátt í verkefni JC, Ungir frumkvöðlar. Það voru sex hópar sem tóku þátt og kynntu síðan sín fyrirtæki fyrir öðrum nemendum og kennurum á sal. Sýningin var undirbúningur fyrir vörumessu sem var í Smáralind 4. og 5. apríl. Þar kynntu nemendur allra framhaldsskóla landsins sín fyrirtæki. Það eru kennararnir Stella Björk Fjeldsted og Sigurður Hilmar Guðjónsson sem kenna frumkvöðlafræðiáfangann og leiðbeindu nemendum í þessu verkefni. Það er ánægjulegt að segja frá því að eitt fyrirtæki frá FS komst í 30 fyrirtækja úrslit. Fyrirtækið er BlueBoost en varan þeirra er steinefna- og vítamínríkt duft sem blandað er út í vatn. Í hópnum voru þau Freyja Kristín Markúsdóttir, Heiðar Geir Hallsson, Hildir Hrafn Ágústsson, Hlynur Þór Einarsson og Thorarinn Edward Ryan. Þau stóðu sig einstaklega vel og höfðu mikla trú á sinni vöru í gegnum allt ferlið.

Nemendur í jarðfræði fóru í vettvangsferð í lok apríl og fengu leiðsögn frá Ögmundi Erlendssyni jarðfræðingi hjá Íslenskum Orkurannsóknnum (ÍSÖR) og fyrrum nemenda FS. Hópurinn skoðaði ummerki eftir eldgosin á Sundhnjúksgígaröðinni og jarðhræringarnar sem tengjast þeim í Grindavík og nágrenni, til að mynda ný hraun, sprungur og landsig.

Nemendur í afbrotufræðiáfanga í félagsfræði fengu tækifæri til að taka þátt í rannsóknarverkefni á vegum Háskóla Íslands sem miðar að því að skoða viðhorf til afbrota og refsinga. Markmið verkefnisins er að afla dýpri skilnings á viðhorfum ungs fólks og raunverulegrar dómaframkvæmdar og greina helstu áskoranir og tækifæri sem tengjast efninu. Tveir rýnihópar nemenda tóku þátt og fengu þannig tækifæri til að deila reynslu sinni, skoðunum og hugmyndum um málefnið.

Nemendur í vetraríþróttaráfanga skelltu sér í Bláfjöll í mars. Andrés Þórarinn Eyjólfsson, kennari áfangans, leiddi hópinn og hafði aðra skíðakempu úr kennarahópnum, hann Jóhann Jóhannsson, með sér til halds og trausts. Nemendur skemmtu sér vel og brunuðu niður brekkurnar á skíðum og brettum. Slegið var upp ljósmyndakeppni og fylgir sigurmyndin hér með en hún sýnir tvo nemendur halda á þeim þriðja á hvolfi.

Nemendur á lokaönn í húsasmíði fóru í skoðunarferð um Fischer hús og Duus hús ásamt ferð í Árbæjarsafn



Nemandi skólans, Íris Björk Davíðsdóttir, vann Þýskuþraut Félags þýskukennara og fékk 10 daga ferð til Þýskalands að launum.

Barna- og ungmennahátíð Reykjaneshæjar stóð yfir í apríl og maí. Útskriftarnemar á listnámsbraut tóku þátt og sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum dagana 30. apríl - 11. maí. Sýningin var opnuð miðvikudaginn 30. apríl. Fjölmenni var við opnunina en Helga Þórsdóttir forstöðumaður Listasafns Reykjaneshæjar bauð gesti velkomna fyrir hönd safnsins. Sex nemendur áttu verk á sýningunni, Agata Wanda Jedrzejczak, Deriana Fortes Gomes, Edda Guðrún Hrafnisdóttir, Emília Marques Valsdóttir, Guðbjört Líf Karlsdóttir og Þorbjörg Elísabet Rúnarsdóttir. Að sýningunni lokinni keypti skólinn eitt verkanna og fyrir valinu varð málverkið "Form í íslenskri náttúru" eftir Þorbjörgu Elísabetu Rúnarsdóttir. Ætlunin er að framvegis kaupi skólinn eitt verk af útskriftarsýningu listnámsnemenda.

Nemendur í myndlist voru duglegir að sýna verk sín á önninni. Á gangi á 2. hæð eru tvö rými, Gallerí box og Gallerí skot, þar sem nemendur geta sýnt verk sín. Nemendur í skúlpúr gerðu grunnformin í þríðvíðu í hvítum pappa og lífrænt form í pappír. Nemendur í teikningu unnu með módel og gerðu höfuðlausar brjóstmyndir. Myndlistanemendur í fjarvíddaráfanga tóku ljósmyndir af rýmum í skólanum og teiknuðu. Hópur nemenda í tískuteikningu sýndi teikningar sínar og nemendur í fjarvíddaráfanga skoðuðu listamanninn Edward Hopper. Þau völdu verk eftir listamanninn og notuðu hann sem innblástur í sitt eigið málverk.

Nemendur í myndlist fóru á sýningu í Listasafni Reykjaneshæjar og skoðuðu sýninguna Úthaf með verkum eftir Ívar Valgarðsson. Nemendur unnu svo verk út frá sýningunni í tíma og voru verkin tví- eða þrívíð. Myndlistarnemendur fóru einnig í safnfræðslu í Listasafn Reykjaneshæjar og fóru á sýninguna Orð eru til alls. Nemendur unnu ljóðverk og tvívítt verk eftir að fá leiðsögn frá kennara og unnu með sýninguna sem innblástur. Verk nemenda voru svo sýnd á Barna- og menningarhátíð í Reykjaneshæ.

Nemendur í ljósmyndaáfanga fóru á sýningar í Hafnarborg í Hafnarfirði. Þar skoðaði hópurinn sýningarnar Kyrr lífsferill með verkum eftir Helga Vigni Bragason og sýninguna Landnám með verkum eftir Pétur Thomsen. Það eru nemendur í tölvuleikjagerð sem taka ljósmyndaáfangann sem hluta af sínu námi. Hópurinn fór einnig í heimsókn til listamanns í stúdíóið hjá Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara. Tilgangurinn var að sjá hvernig fagmaður vinnur og fengu nemendur að skoða tæki og tól og hlustuðu einnig á áhugaverðan fyrirlestur hjá Oddgeiri.



Útskriftarnemar á listnámsbraut sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum.

5 Viðburðir á skólaárinu

5.1 Móttaka nýnema

Fyrstu viku annarinnar stóð nemendafélagið NFS fyrir nýnemaviku en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Boðið var upp á fjölbreyttar uppákomur á hverjum degi. Vikan var svo sannarlega skemmtileg og vonandi að nýnemum finnist vel tekið á móti þeim.

5.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema

Fimmtudaginn 29. ágúst var kynningarfundur fyrir foreldra nýnema á sal skólans. Fundurinn var haldinn á sal skólans og var einnig streymt á YouTube. Kristján Ásmundsson skólameistari setti fundinn og bauð gesti velkomna. Elín Rut Ólafsdóttir áfangastjóri sagði frá vef skólans, Rósa Guðmundsdóttir námstjóri kynnti skólakerfið Innu og Bruno Birins matreiðslumaður sagði frá mötuneyti skólans. Stjórn nemendafélagsins NSF kynnti starfsemi félagsins og sagði frá því helsta sem verður á dagskrá í vetur. Guðný Birna Guðmundsdóttir og Arna Björg Rúnarsdóttir sögðu frá Foreldrafélagi FS og hvöttu foreldra nýnema til að taka þátt. Foreldrafélagið hefur stutt starfsemi nemendafélagsins á margvíslegan hátt og þær stöllur notuðu tækifærið og afhentu stjórn NFS Soundboks hátalara að gjöf frá foreldrafélaginu. Að dagskránni lokinni gafst gestum tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna, skólastjórnendur, námsráðgjafa og félagsráðgjafa skólans.

5.3 Valkynning á sal

Miðvikudaginn 25. september var kynning á valáföngum sem verða í boði á vorönn. Þar kynntu kennarar í ýmsum námsgreinum þá valáfanga sem nemendur geta tekið á næstu önn. Þar má nefna áfanga í tungumálum, raungreinum, tölvugreinum, listgreinum og samfélagsgreinum og einnig leiklist, matreiðslu, Fab Lab, útivist o.fl. Nemendur fjölmenntu á kynninguna og voru duglegir að spyrja og ræða við kennara. Þetta var í fyrsta sinn sem boðið var upp á slíka kynningu en valáfangarnir voru líka kynntir á veggjum og auglýsingaskjám eins og verið hefur.

Eftir vel heppnaða valkynningu á haustönninni var ákveðið að endurtaka leikinn á vorönn og var kynningin miðvikudaginn 5. febrúar. Þar kynntu kennarar fjölmarga valáfanga sem hægt var að velja á næstu önn.

5.4 Uppbrotsdagur

Miðvikudaginn 12. febrúar var uppbrotsdagur í skólanum sem var að þessu sinni spiladagur. Boðið var upp á spil og leiki um allan skóla. Nemendur gátu skráð sig í hópa og spilað á spil, farið í borðspil, bingó, borðtennis, pílu, skák og margt fleira. Allir tóku þátt af lífi og sál og það var líf og fjör um allan skólann.

Í fyrsta hléi dagsins tóku þau Elín Snæbrá og Guðjón Þorgils lagið á sal en þau voru í tveimur efstu sætunum í söngkeppni nemendafélagsins sem haldin var á dögum. Í hádeginu var svo matartorg þar sem boðið var upp á fjölbreyttar veitingar. Þau Jón Jónsson og GDRN mættu svo á svæðið og tóku nokkur lög og myndaðist mikil stemning í salnum. Það er óhætt að segja að þessir frábæru listamenn hafi farið á kostum og salurinn söng og dansaði með í hverju lagi. Í hádeginu var svo matartorg á sal. Þar var hægt að gæða sér á pizzu, tacos, mini-hamborgurum, kjúklingaspjótum, samlokum, bollakökum og vöflum með rjóma. Í takt við IceGuys undirþemað voru hvítir bolir til sölu merktir skólanum og þemanu en þeir giltu einnig sem aðgangur að matartorginu. Þau Arnór og Hjördís úr Kósýbandinu fluttu svo nokkur lög.



GDRN skemmtir á spiladegi.

5.5 Heimsókn ráðherra

Ásthildur Lóa Þórsdóttir mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann fimmtudaginn 20. febrúar. Ráðherra var á ferð um Suðurnes ásamt sérfræðingum úr ráðuneytinu til að kynna sér aðstæður og nám barna af erlendum uppruna á svæðinu. Stjórnendur og kennarar sem hafa haft umsjón með námi erlendra nemenda fræddu gestina um hvaða nám og þjónusta er í boði í skólanum fyrir þennan hóp og svöruðu spurningum.

5.6 Forvarnardagur ungra ökumanna

Forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í 88 húsinu í mars en það eru nemendur í lýðheilsu sem taka þátt í deginum. Nemendur fengu fræðslu um umferðaröryggi, fengu að prófa veltubíl og ölvunargleraugu. Hápunkturinn var svo þegar lögreglan og slökkviliðið settu umferðarslys á svið þar sem nemendur tóku að sér að leika slasaða. Það eru 88 húsið, Lögreglan, Brunavarnir Suðurnesja og Landsbjörg sem standa að forvarnardeginum ásamt skólanum.

5.7 Lýðræðisfundur

Í byrjun apríl var haldinn lýðræðisfundur þar sem nemendum bauðst að segja sitt álit á skólastarfinu. Nokkur hópur nemenda kom þar saman og ræddi um félagslífið, kennslumat og þjónustu sem boðið er upp á í skólanum. Þetta er í annað sinn sem slíkur fundur er haldinn.

5.8 Starfshlaup

Starfshlaup Fjölbrautaskóla Suðurnesja fór fram föstudaginn 11. apríl. Starfshlaupið fór nú fram í 29. sinn en það hóf göngu sína árið 1994. Keppnin var æsispennandi í ár en að lokum var það Gula liðið sem fór með sigur af hólmi. Fyrirliðar liðsins, Elísabet, Lára, Jón Emil og Jón Eyjólfur tóku því við Starfshlaupsbikarnum sem Kristján Ásmundsson skólameistari afhenti. Að venju fékk sigurliðið pizzuveislu að launum og að því loknu héldu nemendur og starfsfólk í langþráð páskafrí eftir skemmtilegan dag.

5.9 Meistaradagur

Meistaradagur FS var haldinn í apríl en þessi dagur var nú haldinn í þriðja sinn. Þar var meisturum og forsvarsmönnum fyrirtækja á Suðurnesjum boðið að kynnast verknáminu í skólanum. Ólafur Jónsson frá Nemastofu atvinnulífsins kynnti ferilbók verknámsnema og ræddi við gestina um vinnustaðanám og fleira. Vel var mætt og gestirnir skoðuðu aðstöðuna og ræddu við verknámskennara.

5.10 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 8. apríl var opið hús á sal fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra. Nemendur 10. bekkjar voru sérstaklega boðnir velkomnir. Fagstjórar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu skólann og námsframboð en auk þess var hægt að kynna sér alþjóðasamstarf, afreksíþróttalínu og fleira. Stjórn nemendafélagsins kynnti starfsemi félagsins og félagslífið í skólanum. Einnig var gestum boðið að skoða aðstöðuna, m.a. í verk- og starfsnámsstofum. Vel var mætt á opna húsið og fólk var duglegt að spyrja og afla sér upplýsinga.

5.11 Dimmisio

Í lok hvernar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er Dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum.

Dimissio haustannar fór fram á sal föstudaginn 6. desember. Hópurinn var að þessu sinni klæddur upp eins og hinir víðfrægu Menn í svörtu. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og síðan var boðið upp á glæsilegan morgunmat í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn "handtók" valda kennara og starfsmenn og veitti þeim viðurkenningu fyrir vel unnin störf og ýmislegt fleira.

Dimissio vorannar fór fram föstudaginn 2. maí. Miðað við hana ætti framtíð heilbrigðiskerfins að vera björt en hópurinn mætti að þessu sinni í læknasloppum og með hlustunarpípur og sprautur á lofti. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og samkvæmt venju var svo boðið upp á glæsilegan bröns í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem byrjað var á stórskemmtilegu myndbandi þar sem nemendur brugðu sér í gervi kennara og starfsmanna og gerðu létt grín. Hópurinn veitti síðan viðurkenningar fyrir vel unnin störf og reyndar ýmislegt fleira og þar komu mamma og pabbi skólans, áhrifavaldurinn, skvísan og fleiri við sögu.



Menn í svörtu á Dimissio haustannar.



Upprennandi læknar á Dimissio vorannar.

6 Skýrsla námstjóra

6.1 Starfið veturinn 2024-2025

6.1.1 Fundir á skólaárinu

Fundartímar voru tveir á viku þ.e. á mánudögum kl. 15:00-16:00 og á miðvikudögum frá 10:25-11:20. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir, örnámskeið og erindi. Auk þess voru starfsþróunarklúbbar u.þ.b. 1x í mánuði í fundartíma þar sem fólk hittist og ræddi ýmis viðfangsefni tengd starfsþróun.

Haustönn

Starfið þessa önnina einkenndist af kjarabaráttu kennara og var talsvert um samstöðufundi og umræður um kjaramál. Áætlað var að fá heimsókn frá Kennarasambandi Íslands með fræðslu um samningaviðræður og samninga þann 2. október en hætta þurfti við hana vegna mikilla anna og funda hjá ríkissáttasemjara. Þann 7. október var erindi fyrir kennara frá Katrínu Ruth Þorgeirsdóttur um áhættuhegðun og ofbeldi unglinga. Bleiki dagurinn var miðvikudaginn 23. október og tóku bæði starfsmenn og nemendur þátt í honum með því að klæðast bleiku. Skrifað var undir viljayfirlýsingu til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsneti skóla sem kallast UNESCO-skólar á önninni. Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda og menningarmála.

Vorönn

Þann 29. janúar fékk starfsfólk erindi frá þeim Söndru Bjarnadóttur og Jóhanni Birni Guðmundssyni frá Suðurnesjabæ vegna þjónustu við fylgdarlausa erlenda nemendur. Miðvikudaginn 12. febrúar var uppbrotsdagur í skólanum sem var að þessu sinni spiladagur og var boðið upp á spil og leiki um allan skóla. Kennarar og starfsfólk tók þátt í undirbúningi og framkvæmd dagsins sem tókst með ágætum. Ásthildur Lóa Þórsdóttir þáverandi mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann í febrúar. Ráðherra var á ferð um Suðurnes ásamt sérfræðingum úr ráðuneytinu til að kynna sér aðstæður og nám barna af erlendum uppruna á svæðinu. Fundartímar marsmánaðar fóru að stærstum hluta í skyndihjálparnámskeið hjá starfsfólki. Var það Guðrún Ösp Theodórsdóttir sem sá um fræðsluna. Í bóklega hluta námskeiðsins var allur hópurinn saman en í verklega hlutanum var honum skipt niður í þrjá hópá sem mættu á þremur mismunandi tímum. Var námskeiðið upplýsandi og gagnlegt. Starfshlaup FS fór fram föstudaginn 11. apríl. Starfshlaupið fór nú fram í 29. sinn og var glatt á hjalla hjá bæði nemendum og starfsfólki sem tók fullan þátt í deginum.

Meistaradagur FS var haldinn í þriðja sinn þann 23. apríl en þá er meisturum í hársnyrtiið, húsasmíði, rafvirkjun og vélstjórn boðið í heimsókn í skólann. Tilgangur dagsins er að styrkja tengsl skólans við atvinnulífið.

6.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

- Fór með 50 nemendur sem skráðu sig í Vetraríþróttir (ÍPRÓ1VE01) í Bláfjöll og aðra ferð með sama hóp á skauta í Egilshöll.

Björgvin Jónsson

- Fór til Finnlands í skólaheimsókn með öðrum fagkennurum vorum í 4 daga.

Garðar Þór Garðarsson

- Farið var í heimsókn til Isavia í flugstöð Leifs Eiríks. Þar sem nemendur fengu að skoða færibandakerfið o.fl. ásamt fræðslu um flugstöðina.

Gísli Ragnarsson

- Fór til Litháen með 9 nemendur 4.-8. nóvember 2024 í skólaheimsókn vegna Nordplusverkefnisins Technological Solutions for the future.

Harpa Kristín Einarisdóttir

- Fór með 8 nemendur 8. -14. september 2024 í námsferð í Vladimir Prelog raungreinaskólann í Zagreb.
- Vettvangsferð með nemendur í JARÐ2AJ05 28. apríl um Reykjanes með Ögmundi Erlendssyni jarðfræðingi.
- Gróðursetning fyrir hönd FS með nemendum í NÁTT1GR05 bæði á haustönn og vorönn með Kristjáni Bjarnasyni frá Reykjanesbæ.

Hulda Egilsdóttir

- Íslenskudeildin fór með alla (140) nemendur í ÍSLE3NB05 í Borgarleikhúsið að sjá Ungfrú Ísland.
- Nemendur í ÍSLE3NB05 fóru í vettvangsferð að Reykjanesvita.
- Fékk grískan gestakennara (Erasmus) í heimsókn í vikunni fyrir páska. Hún hélt fyrirlestur í fjórum hópum um gríska goðafræði og tengingar milli hennar og þeirrar norrænu.

Íris Jónsdóttir

- Fór í heimsókn í LHÍ á kynningu á náminu sem þau bjóða upp á fyrir nemendur, miðvikudaginn 22.janúar 2025.
- Heimsókn með nemendur á Listasafn Reykjanesbæjar.

Jóhann Jóhannsson og Magnús Einþór Áskelsson

- Fengum heimsóknir frá Krissa löggú í ÖKUS1SA02.
- Nemendur fóru í vettvangsheimsóknir í STAR1VF01. Farið var á eftirfarandi staði Bitinn, Nettó, Toyota, Hljómahöll, Njarðvíkurskóli, Tölvulistinn, Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar, Leikskólinn Gimli, Skartsmiðjan, Securitas og Leikskólinn Hjallatún.

Óskar Júlíus Bjarnason

- Vettvangsferð í Innri Njarðvík í áfanganum BYGG2ST05. Nemendur og kennari skoðuðu uppslátt kerfismóta, og steypuvinnu á verkstað.

Rósa Guðmundsdóttir

- Fór til Litháen með 9 nemendur 4.-8. nóvember 2024 í skólaheimsókn vegna Nordplusverkefnisins Technological Solutions for the future.
- Skipulagði heimsókn 36 erlendra gesta (30 nemendur og 6 kennarar) til Íslands í tengslum við Nordplusverkefninu “Technological Solutions for the future”. Skipulagði heimagistingu, vettvangsferðir og vinnustofur í skólanum. 14 íslenskir nemendur taka þátt í verkefninu frá okkur og tveir kennarar. Hópurinn var því 52 í heildina. Farið var með gestina ásamt okkar þátttakendum í vettvangsferðir til að skoða landið, m.a. var Reykjaneshringurinn farinn, Gullni hringurinn og Reykjavíkurrúntur þar sem m.a. Gróska var heimsótt. Í Grósku fengu allir kynningu á tæknifyrirtækjunum AwareGo og Nanitor. Einnig var farið í miðbæ Reykjavíkur og í Perluna. Í skólanum fóru nemendur í vinnustofur í forritun þar sem fengist var við ýmis heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og í FabLab þar sem allir hönnuðu og smíðuðu sína eigin farsímastanda, nemendur sem og kennarar.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Fór með 23 nemendur á HSS í vettvangsheimsókn haust 2024.
- Fór með 3 nemendur í vinnustaðanámi til Portúgals í 2 vikur vor 2025.

Stella Björk Fjeldsted

- Í janúar fóru nemendur í frumkvöðlafræði með kennara á Sparkið sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík. Þar fengu nemendur kynningu á Ungum frumkvöðlum og hlýddu á sigurvegara síðustu ára segja frá ferli sínu í keppninni.
- Á vorönninni fengu nemendur í frumkvöðlafræði góða gesti í kennslustund, Kjartan Örn Sigurðsson framkvæmdastjóri raftækjaheildverslunarinnar SRX og Fida Abu Libdeh stofnandi GeoSilica. Kjartan ræddi við nemendur um hvernig á að sjá út tækifæri og meta þau, hvernig fyrirtæki geta breytt gestum í viðskiptavinum og fjölgað vörum í körfu. Fida fór yfir reynslu sína sem frumkvöðull þegar hún ásamt sínu teymi þróðu byltingarkennda framleiðsluaðferð sem gerir kleift að vinna steinefni úr jarðhitasvæðum án þess að nota skaðleg efni í ferlinu.
- Nemendur tóku svo þátt í Vörumessunni í Smáralindinni 4. apríl þar sem þeir sýndu og seldu vörurnar sem þau þróðu í áfanganum.
- Einn hópur (fimm nemendur) komust í úrslit í keppninni „Ungir frumkvöðlar JA Iceland” og fóru ásamt kennara í Arion banka og kynntu sitt fyrirtæki. Í ár komust 30 af 142 fyrirtækjum í úrslit.

Sverrir Gunnarsson

- Fór með nemendur á þriðja ári í heimsókn til Isavia þar sem kynning var á töskufæriböndum og stýringum í kringum þau.



Starfsfólk mætti í jólaþeysum í desembermánuði.

Veska Andrea Jónsdóttir:

- Íris Björk Davíðsdóttir stóð sig einstaklega vel og sigraði Þýskubraut A2 með 96% rétt svör. Hún hlaut verðlaun frá þýska sendiráðinu, bók og bolla. Íris hefði átt kost á að fara á Eurocamp sem sigurvegari en gat því miður ekki tekið þátt vegna vinnu.
- Öðrum nemanda, Hekla Sif Ingvadóttir, var einnig boðin þátttaka í Eurocamp en hún hafði þegar skipulagt aðra ferð og gat því ekki tekið boðinu.
- Zoom fundur haldinn ásamt nemendum á listnámsbraut með Hlyni Helgasyni prófessor í LHÍ um listfræðinám þar í skólanum þriðjudaginn 8.apríl 2025.

6.1.3 Kaup á kennslubúnaði

- Á rafiðnaðarbraut var keypt brunakerfi, dyrasímakerfi og öryggiskerfi til að nota í kennslu.
- Í vélstjórn var keyptur microkrani og dælustöð.
- Önnur innkaup teljast til venjulegs rekstrarkostnaðar.

6.1.4 Styrkir og gjafir

- Rafiðnaðardeild fékk 12 AVO mæla að gjöf frá SART.
- Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, gaf nemendum á 1. ári í rafiðnum og kennurum deildarinnar vandaðar vinnubuxur.
- Listnámsbraut fékk að gjöf glerofn með öllu tilheyrandi gefandi var Sólrún Anna Símonardóttir eigandi Jöklaljós kertagerðar.
- Listnámsbraut fékk ýmsar myndlistarvörur og efni að gjöf en gefandi var Einar Guðberg Gunnarsson.

6.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

6.2.1 Einyrkjar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG1GB02 HKLI1GB03 HLIT1GB01 HPEM1GB02 IÐNF1GB04 Hárið - grunnskólalaval	HÁRG2GB02 HKLI2GB03 HLIT2GB02 HPEM2GB02 IÐNF2GB04 Hárið - grunnskólalaval
Guðbjörg Rúna Vilhjálmadóttir	HEFR1HV02 MATR1AM03 MATR1A05	HEFRHO02 MATR1AM03 MATR1A05
Jóhannes Gylfi Ólafsson	ENVI3PL03 SÉLA3PLO3BB SOGT2PL03AB TEIK1PL04(PL)	LOKA3PL03AB SOGT3PL03BB TEIK2PLO4BB
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2SH05 Textíll - grunnskólalaval	FATA1SH05 FATA2FF05 FATA2SH05 HAND2HY05 Textíll - grunnskólalaval
Sigríður Rós Jónatansdóttir	HBFR1HH05 HJÚK1AG05 HJÚK1VG05 HJÚK3ÖH05 LÍBE1HB01 VINN3ÖH08	HJÚK2HM05 HJÚK2TV05 HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 SASK2SS05 SJÚKGH05 SJÚK2MS05 SÝKL2SS05 VINN2LS08 VINN3GH08 VINN3ÖH08
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	ITEI1GB05 MLOK4MS02(BA)	

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Almennt var mætingin góð, góður andi og nemendur kurteisir.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Fata og textílgreinar fóru í Fab Lab. Galleríið var opnað og sýningar voru settar upp.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Mótelteikning var með nýju sniði og var búið til námsefni í tengslum við það. Textíl og mateiðsla skiptu út verkefnum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Endurskoða hvernig verkefnaskilum verður háttað. Loka fyrr fyrir verkefnaskil.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Yfir höfuð góð mæting og betri en hefur verið. Það eru einstaka nemendur sem mæta illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Ef kennarinn er jákvæður, með markviss og hnitmiðuð verkefni. Gott utanumhald og hvatning.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Að halda nemandanum við efnið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt**Ásdís Pálmadóttir**

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Fagkennarafélag í hárið haldið í FSU 2 dagar í ágúst 2024
- Skyndihjálparnámskeið

Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir Woods

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Skyndihjálparnámskeið

Katrín Sigurðardóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Námskeið í vinnuvernd fyrir verknámskennara
- Skyndihjálparnámskeið

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Líkarmeðferð vor 2025 - Netnámskeið á vegum SAK 16 klst.
- Sár og sármeðferð apríl 2025 - Inter 4 klst.

6.2.2 Erlend tungumál

Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Anna Kristjana Egilsdóttir	ENSK2GA05 ENSK2KO05 ENSK2OS05 x2 LOKA3VL05 UMSJ1NÝ01	ENSK2GA05 ENSK2KO05 x2 ENSK2OS05 ENSK3FT05 LOKA3VL05 UMSJ1NÝ01
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1GA05(B) SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05	Í leyfi á vorönn
Helga Salbjörg Guðmundsdóttir	DANS1ML05 DANS2LB05 DANS2LU05	DANS2LB05 DANS2LU05 UMSJNÝ01
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS05	SPÆN1GA05(A) SPÆN1GA05(C) SPÆN1TJ05
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2GA05 ENSK2KO05 ENSK3AO05 ENSK3FO05 LOKA3LV05 Enska - grunnskólaval	ENSK2GA05 ENSK2KO05 ENSK3AO05 ENSK3FS05 ÍSAN2BS05 LOKA3VL05 Enska - grunnskólaval
Michael Anthony Weaver	ENSK3TG05	
Ólöf Hildur Egilsdóttir fagstjóri	ENSK2GA05 ENSK3AO05 x2 ENSK3FS05	ENSK2GA05 x2 ENSK3AO05 ENSK3FS05
Sergio Garcia Ortega	ENSK2KO05 ENSK3AO05 ÍSAN1BE05	SPÆN1SO05 SPÆN1SS05
Sveinn Ólafur Magnússon	DANS2LB05 x2 UMSJ1NÝ01	DANS1ML05 UMSJ1NÝ01
Veska Jónsdóttir fagstjóri	ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 UMSJ1NÝ01	ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 UMSJ1NÝ01

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Námssefnið gekk vel. Nemendur almennt áhugasamir, a.m.k. framan af. ENSK3FS gekk afar vel, nemendur voru ánægðir með verkefnin og lærðu mikið af heimildavinnu. Þau kunna að meta sjálfstæðið sem þau fá.
- Nemendur almennt kurteisir og duglegri en á síðasta ári, létt andrúmsloft.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Ánægja með önnina.
- Í spænsku 1 mætti vera meira tilbúið efni til að sýna með glærusýningu. Vinna mætti betur í kennsluvefnum og auka fjölbreytni þar.
- Í enskudeild er efni deilt í gegnum Teams og þar er mjög gott skipulag, gott væri að hafa slíkt í deildum þar sem fleiri kennarar kenna.
- Skólinn mætti gera meira úr degi evrópskra tungumála 26. september og beina athygli nemenda að fjölbreyttum tungumálum í landi þar sem ferðaiðnaður er mikilvægur tekjustofn.
- Hvernig er hægt að koma betur til móts við nemendur sem hafa áhuga á að læra fleiri tungumál?
- Það mættu vera fleiri kynningar/fyrirlestrar þar sem hin ýmsu samfélagsleg málefni eru kynnt fyrir nemendum og nemendur látnir vinna úr þeim í hópum.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Tókum inn skáldsögur í ENSK2GA. Það gekk vel og við ætlum að halda því áfram. Eins og aðrar annir vorum við mikið að endurnýja námsefni, t.d. með fréttagreinum og slíkt.
- Héldum áfram að þróa þær aðferðir sem við höfum verið með. Ný spil í þýsku, sem voru notuð í 3-4 skipti á önn. Þau hjálpa til að þjálfra tal og málnotkun nemenda.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Skáldsaga í ENSK2GA sem haldið verður áfram með.
- Ekki í erlendum tungumálum öðrum en ensku. Við þurfum þjálfun (námskeið) í að þróa verkefni sem voru áður í verkefnahefti þannig að hægt sé að hafa þau gagnvirk á netinu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Lokapróf í öllum áföngum í ensku. Höldum áfram að endurnýja námsefni og skiptum út skáldsögum.
- Gaman væri að fara í Berlínarferð í þýsku.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Hún var ágæt framan af í enskuáföngum en dalaði eftir því sem leið á. Nemendur voru orðnir þreyttir og bensínlausir.
- Í erlendum tungumálum öðrum en ensku var hún almennt í lagi en of mikið um að nemendur væru erlendis.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Vera með fjölbreytni, vera ekki alltaf að gera það sama. Nota leiki í upprifjun. Miða námsefni við að hægt sé að klára að mestu í tímum. Einnig með fjölbreyttum kennsluaðferðum og verkefnum, spil nýtast vel.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Við myndum vilja vera með meira uppbrot en það vinnst eiginlega ekki tími í það. Fer allur tíminn í að klára efnið.
- Gervigreindin ennþá að stríða okkur. Nemendur vilja komast auðveldlega gegnum verkefnin og freistast til að láta gervigreindina vinna fyrir sig.
- Hópastærðir mjög ólíkar, sumir hópar mjög stórir en aðrir mjög litlir.



Mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann ásamt ráðuneytisfólki.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Kristjana Egilsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Háskóli Íslands - 20 einingar, haustönn (10) og vorönn (10)
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Helga Salbjörg Guðmundsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.

Kristjana Hrönn Árnadóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Building Book Love: Creative Strategies for Student Engagement 16.-17. ágúst - 15 klst.
- Overcome Dyslexia - Yale University 12 klst.
- Teaching EFL/ESL Reading: A Task Based Approach-University of London - 24 klst.
- Fantasy Literature - Oxford University 8 klst.

Ólöf Hildur Egilsdóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Building Book Love: Creative Strategies for Student Engagement 16.-17. ágúst - 15 klst.
- Jafningatengsl, þrautseigja og jákvæð forysta ágúst 2024 - 7 klst.

Sveinn Ólafur Magnússon

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Veska Andrea Jónsdóttir

- Vinnustofur STÍL. Var með 2 tíma fyrirlestur og vinnustofu um NZALT í Nýja Sjálandi - Heiðrum fortíðina, fögnum núinu, mótum framtíðina!
- Var með námskeið fyrir kennara í Burkina Faso - Mit Spielen Deutsch lernen
- Die Rolle des Deutschen im zeitgenössischen Kontext - Ráðstefna í Vilnius 4.-5. apríl
- Hvernig lærist málfræðin í íslensku sem öðru máli - Vinnustofa STÍL 26. mars

6.2.3 Húsasmíði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Bjarki Ásgeirsson	GRT1FÚ05 HÚSA3HU09 TEIK2HH05 TEIK2HS05 TEIK3HU05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 TRÉS1VT05	HÚSV3HU05 LOKA3HU08 TEIK2HH05 TEIK2HS05 TEIK3HU05 TRÉS1VT05
Gunnar Baldvin Valdimarsson	HÚSA3HU09 x2 HÚSA3PÚ09 x2	GLÚT2HH08 x2 LOKA3HU08 x2 TEIK2HS05 TRST3HH05
Óskar Júlíus Bjarnason	BYGG2ST05 GRET1FÚ05 GRTE1FF05 HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05	ÁÆST3SA05 x2 FRVV1FB05 x2 HÚSA1KY05 TRÉSVT08
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRTE1FF05	GRTE1FF05 GRT1FÚ05
Þórhildur Loftsdóttir	EFRÆ1EF05 HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 UMSJ1NÝ01 Húsasmíði - Grunnskólalaval	INNK2HH05 INRÉ2HH08 TRÉS1VT08 UMSJ1NÝ01 Húsasmíði - Grunnskólalaval

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Kennsla í húsasmíði og teikningu gekk heilt yfir vel.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Mætingar nemenda hefði mátt vera betri.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Engar sérstakar nýjungar í kennsluháttum voru á árinu en Óskar hóf störf á haustönn og var því að kenna allt í fyrsta skipti.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting nemenda hefði mátt vera mun betri.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Reyna að hafa áhugaverð verkefni.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Helstu hindranir eru plássleysi í kennslustofu fyrir húsasmíði og hvernig best er að mæta þeim vanda sem þar blasir við.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bjarki Ásgeirsson

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Eldsmíði - námskeið
- Revit - námskeið
- Þök, rakaástand og mygla - námskeið

Óskar Júlíus Bjarnason

- Kennsluréttindi iðnmeistara í Háskóla Íslands, 15 einingar á haustönn og 15 á vorönn

Gunnar Valdimarsson

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.

Þórhildur Loftsdóttir

- Kennslufræði í Háskóla Íslands



Verknámskennarar tóku þátt í Bleika deginum.

6.2.4 Íslenska		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Anna Karlsdóttir Taylor	ÍSLE2BR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 ÍSLE3GA05 ÚTI1RK02	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05 ÍSLE3GA05 ÚTI1RK02
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 x2 LOKA3LV05 UMSJNÝ01	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 x2 ÍSLE3NB05 x2 LOKA3LV05 UMSJNÝ01
Bryndís Garðarsdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 x2 LOKA3LV05 ÚTIV1RK02	ÍSLE1FB05 ÍSLE2LR05 x2 ÍSLE2MÆ05 x2 LOKA3LV05 ÚTIV1RK02 x2
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSLE2BR05 ÍSLE3BF05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05	ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05
Lilja Dögg Friðriksdóttir	ÍSLE1MT05 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 VITA2VT05	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 VITA2VT05
Kristín Þóra Möller	ÍSLE1FA05 ÍSLE1ML05 LOKA3LV05	ÍSLE1FB05
Guðbjörg Jónatansdóttir	LOKA3LV05 VITA2VT05 x2	LOKA3LV05 VITA2VT05 x2
Sigurður Hilmar Guðjónsson		LOKA3LV05
Sveinn Ólafur Magnússon	LOKA3LV05	LOKA3LV05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Kennarar voru lausnarmiðaðir t.d. varðandi að takast á við stóra og fjölbreytta nemendahópa.
- Vinna með fjölbreytt námsmat gekk vel og samskipti við nemendahópana voru heilt yfir góð.
- Vetrarfrí á vorönn mjög kærkomið.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Hópastærðir í íslensku heilt yfir of stórir.
- Niðurröðun nemenda í áfanga án samráðs við kennara (MR-BR-LR) sem sýnir sig í slökum árangri nemenda, sem bitnar á líðan þeirra, árangri, vinnulagi í áfanganum og áhuga.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Munnlegt próf í ÍSLE2MÆ05 sem gekk mjög vel.
- Stöðuviðtöl í ÍSLE1MR um miðja önn þar sem farið er yfir stöðu hvers nemenda.
- Viðtöl í ÍSLE2BR og ÍSLE3NB sem hluta af námsmati.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nýtt námsefni í flestum áföngum. Reynsla okkar er sú að gott er að halda bæði nemendum og kennurum ferskum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Endurskoða námsmat innan íslenskunar.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mjög góð framan af en varð mjög dræm eftir páskafrí – Tene farið að toga ...

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Stutt verkefni t.d. í ÍSAN.
- Sýna þeim áhuga.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Stórir hópar, símar, svindl og gervigreind.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásta Svanhvít Sindradóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Völsunga saga sept.- nóv. 2024 - Endurmennun HÍ 16 klst.
- Íslenskar glæpasögur 5.-19. mars 2025 - Endurmennun HÍ 6 klst.

Hulda Egilsdóttir

- Heildstæð íslenskukennsla 12.-13. ágúst 2024 - Félags íslenskukennara 14 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Völsunga saga sept.- nóv. 2024 - Endurmennun HÍ 16 klst.
- Íslenskar glæpasögur 5.-19. mars 2025 - Endurmennun HÍ 6 klst.

Lilja Dögg Friðriksdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Völsunga saga sept.- nóv. 2024 - Endurmennun HÍ 16 klst.
- Íslenskar glæpasögur 5.-19. mars 2025 - Endurmennun HÍ 6 klst.
- Völvur, blót og hamhleypur apríl og maí 2025 - Endurmennun HÍ 8 klst.



Starfshlaup FS fór fram í 29. sinn.

6.2.5 Íslenska fyrir erlenda nemendur		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Anna Kristjana Egilsdóttir	ÍSANDM03	
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSAN3BÓ05 ÍSAN3NB05	
Einar Trausti Óskarsson	ÍSAN1NS05	
Ingibjörg Böðvarsdóttir	ÍSAN1BE05 ÍSAN1NS05	
Kristín Þóra Möller	ÍSAN2AB05 ÍSAN2ÍF05	ÍSAN1NS05 ÍSAN2BS05 ÍSAN2ÍF05 ÍSAN3NB05
Rakel Ósk Eiríksdóttir	ÍSAN1NÆ05 ÍSAN1DT05 ÍSAN1OF05 ÍSAN2GM05 ÍSAN2KV05	ÍSAN1DM05 ÍSAN1NS05 ÍSAN1OF05 ÍSAN2GM06 ÍSAN2KV05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samskipti við nemendur gengu mjög vel og samstarf kennara.
- Komið er gott jafnvægi á kennslu áfanga og betri samfella í námi nemenda.
- Betri upplýsingar um nemendur við upphaf skólagöngu og samstarf við grunnskóla og MSS virðist vera að skila góðum árangri.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Það mætti ganga betur að ná inngildingu erlendra nemenda í skólastarfinu og félagslífinu þó svo merkja megi aukna þátttöku þessa hóps, bæði á þemadögum og Starfshlaupinu.
- Það mætti vera skýrari skil á milli NFE-brautar og annarra brauta og eitthvað gert eða veitt nemendum til að marka þann áfanga.
- Samstarf og upplýsingaflæði til foreldra hefði mátt vera betra en það mættu foreldrar 5 nemenda á NFE braut á foreldrafund í haust sem ætlað var foreldrum nýnema.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- ÍSAN kennarar héldu áfram að þróa námsefni og samfellu í ÍSAN-áföngum, m.a. spilin og bækurnar frá Dósaverksmiðjunum.
- Stefnt er að því að nýta spil og talæfingar meira í ÍSAN-áföngum á næstu önn þar sem þau hafa gefist vel og hafa stuðlað að góðum framförum í málnotkun erlendra nemenda.
- Aukin áhersla á munnleg próf í lok áfanga til að notkun nemenda á gervigreind og þýðingarvélum gefi ekki ranga mynd af færni þeirra.
- Einnig var síðasta áfanganum í ÍSAN (ÍSAN3NB05) breytt úr símati í lokaprófsáfanga.
- Tveir kennarar sóttu málþing um ÍSAN kennslu og inngildingu í framhaldsskólum í lok skólaársins og komu til baka upp fullir af hugmyndum um nýtt efni og aðferðir.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Búið er að skapa ákveðna samfellu með því að ákveða námsefni og áherslur í ÍSAN áföngum.
- Þróun nýjustu áfanganna, ÍSAN2GM05 og ÍSAN2ÍF05 gengur vel og verið er að þróa þá áfram en þeir virðast vera að brúa bilið sem þeir eiga að brúa á milli grunnáfanganna og bókmenntaáfanganna.
- Möguleg endurskoðun á námefni og verkefnum í ljósi hugmynda á áður nefndu málþingi til að gera þá ennþá hagnýtari og markvissari.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Vonandi fá kennarar tækifæri til að þróa sína áfanga enn betur en við viljum einnig finna vettvang fyrir jákvæð samskipti erlendra nemenda og íslenskra nemenda. T.d. taka upp átakið Gefum íslensku séns frá Ísafirði sem fleiri skólar og bæjarfélög hafa tekið upp með góðum árangri. Hluti af því gæti verið að hafa reglulega opinn tíma þar sem nemendur koma „hraðstefnumót“ til að hjálpa erlendum nemendum að æfa sig í að tala íslensku.
- Einnig væri mikilvægt að halda sérstakan foreldrafund fyrir foreldra erlendra nemenda til að kynna fyrir þeim starfið í skólanum og ná tengslum við þau, jafnvel fá brúarsmið eða gest sem hefur verið í þeirra sporum og náð góðum tókum á íslenskunni.
- Verkefnastjóri málefna erlendra nemenda ætlar að skoða betur stöðumat að samskiptum fyrirmynd sem notað er í Fjölbrotaskólanum í Mosfellsbæ og víðar til að fá betri mynd af raunfærni nemenda á þeirra sterkasta tungumáli til að geta stutt betur við nám þeirra.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting nemenda var mjög góð framan af en þá mátti sjá breytingu til hins verra hjá mörgum nemendum um og eftir páskafrí. Nokkrir nemendur fengu synjun um dvalarleyfi og hafði það skiljanlega mikil áhrif á mætingu þeirra og jafnvel á aðra nemendur í skólanum. Eins fluttu nokkrir nemendur á miðri önn til annarra landshluta.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Það hefur reynst hvað best að virkja nemendur þegar verkefni eru við hæfi og þegar málfræði og orðaforði hefur verið kenndur í gengum spil og samtalsæfingar.
- Einnig hefur reynst vel að gefa menningu og tungumáli nemenda meiri athygli og sýna þeim almennt meiri áhuga til að skapa góð tengsl við þá.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Ein helsta áskorunin er hópastærð þar sem ekki eru nægilega nemendur og/eða kennarar til að keyra alla áfanga allar annir sem leiðir til þess að hóparnir geta orðið mjög stórir þegar þeir eru kenndir.
- Það er mikil áskorun að koma til móts við stóran, fjölbreyttan nemendahóp.
- Önnur áskorun er að finna jafnvægi í námsmati þannig að nemendur eigi erfiðara með að skauta í gegnum áfanga með því að nota gervigreind og þýðingarvél.
- Of mikið er um það að nemendur nái áfanga eftir áfanga með lágmarkseinkunn þrátt fyrir að hafa ekki öðlast nægilega færni til að ráða við næsta áfanga á eftir og áfanga í öðrum námsgreinum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristín Þóra Möller

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Völsunga saga sept.- nóv. 2024 - Endurmennun HÍ 16 klst.
- Íslenskar glæpasögur 5.-19. mars 2025 - Endurmennun HÍ 6 klst.

Rakel Ósk Eiríksdóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

6.2.6 Íþróttir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Andrés Eyjólfsson	ÍPRG2KÖ04 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HB01	ÍPRF2SS05 ÍPRF3LH05 ÍPRG2FI04 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓHB01 ÍPRÓ1HR01 ÍPRÓ1VE01
Elín Rós Bjarnadóttir		ÍPRÓ1JH01
Elvar Smári Sævarsson	LÍFF2LE05 ÍPLE3PÍ05 VOHR2VF05 VOHR3VF10	LÍFF2LE05 MÆLG3MÆ05 ÆFPJ3SP05 ÆFPJ3ÆF05
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	ÍPRF2PJ05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HR01 KASU1AA05 KNAT1AA05 KNAT2AA05 UMSJ1NÝ01	AFRE1AA05 AFRE2AA05 ÍPRF3SÁ05 ÍPRG2BL01 ÍPRÓ1AL01 KARF2AA05 KNAT2AA05 LÍFS1GA02(C) UMSJ1NÝ01
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍPRF3NÆ05 ÍPRÓ1AL01 X3 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HR01	ÍPRÓ1HB01 x2 ÍPRÓ1HR01 x2 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samstarf gott.
- Ljúfir nemendur.
- Kennsluáætlun stóðst.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Lokapróf í Lýðheilsu í fyrsta sinn.
- Nýr áfangi hjá Gunnari sem var byggður upp á nýjan hátt.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Ekki að svo stöddu. Við erum ávallt tilbúin að endurmeta og finna nýjar leiðir. Það verður gaman að sjá hvað sumarið færir okkur. Möguleiki á samstarfi við Finna um nemendaskipti.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mjög góð hjá þeim sem byrja vel í upphafi annar. Það eru alltaf einhverjir sem mæta lítið í hverjum hóp.
- Hóparnir eru mismunandi og mæting hjá 70% af fornámi var mjög góð en ekki hjá hinum.
- Mæting/virkni í afrekshóp í knattspyrnu var með daprasta móti – spurning hvernig skal tækla það.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Best var að virkja nemendur í skriflegum verkefnum á pappír eða myndbandagerð.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Að fá nemendur til að einbeita sér þegar á þarf að halda. Erfiðara að fá þau til að spjalla.
- Finna leiðir til að nemendur nýti sé gervigreindina á skynsamlegan hátt.
- Það er ekki gerlegt að eyða of miklum tíma í að reyna að greina hvort gervigreindin sé búin að vinna verkefni nemenda.
- Nemendur undirbúa sig illa fyrir próf án gagna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Elvar Smári Sævarsson

- Skot í bakið og hvað svo? - Endurmenntun HÍ 6 klst.

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Hyrox Foundation Coach - 10 klst.
- Hyrox Performance Coach - 10 klst.

Annað

- Jólagjöfin var mjög góð og samstarf gott.
- Það verður spennandi að byrja af krafti í haust.

6.2.7 Listir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Gunnhildur Þórðardóttir	ÍSÁN1DT05 ÍSÁN1NÆ05 SJÓN1LF05 SJÓN1TF05 TEIK1TE05 LISF2LM05	LJÓSU2UF05 MYNL2FF05 MYNL3TB05 MYNL3P05 TEIKGA05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	MYNL2AT05 MYNL2TA05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 TEIK1UE03	MYNL2MA TEIK2FH05 TEIK1TE05 MYNL3LO10
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	LISA1HN05	LISA2RA05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Almennt var mætingin góð, góður andi og nemendur kurteisir.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Gallerí var sett upp á annarri hæð í skólanum.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Módelteikning var með nýju sniði og var búið til námsefni í tengslum við það. Textíl og matreiðsla skiptu út verkefnum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Endurskoða hvernig verkefnaskilum verður háttað. Loka fyrr fyrir verkefnaskil.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Yfir höfuð góð mæting og betri en hefur verið. Það eru einstaka nemendur sem mæta illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Ef kennarinn er jákvæður, með markviss og hnitmiðuð verkefni. Gott utnumhald og hvatning.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Að halda nemandanum við efnið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bragi Einarsson

- Útimálun - námskeið á Írlandi

Gunnhildur Þórðardóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Kynning - Listaháskóli Íslands 4 klst.
- Gelgrafíknámskeið 17. maí - 8 klst.

Íris Jónsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Samtímamyndlist í kennslu. Heimsókn kennara á Feneyjatvíæringinn 2024 í samstarfi við FÍMK og listkennsludeild Listaháskóla Íslands - 28 klst.



Nýtt sýningarrými myndlistarnemenda var opnað á 2. hæð.

6.2.8 Málm- og vélstjórnargreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Ívar Valbergsson, fagstjóri	STÝR1VA04 VÉLS1VA04 VÉLS3VB04	STÝR1VA04 VÉLS2VA04 VÉLS2VB04 VÉLS3VB04
Páll Reykdal	RENN2VB03(AV) SUÐA1SS05 SUÐA1UE03.	HBFR1SA03(AS) MALM051MA SUÐA1SS03 SUÐA1SS05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	IDTE1VB04(AV)	
Þorsteinn I. Hjálmarsson	HÖSK2VA04 MALM1MA05 MLSU1VA03 SMÍÐ1VA03 VÖRS1VB04 SJÓR2SA04 VÉLF2VB04	KÆL12VA05 MALM1MA05 x2 MLSU2VB03 UMHV2SA04 UMSJ1NÝ01 VÉLV3VA04

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Samvinna milli okkar kennara í vél og málm.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Mætti skipuleggja faglegt starf betur og stundatöflur kennara.
- Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?
- Já uppfylla kröfur IMO um námsefni og hæfni bæði nemenda og kennara. Lágmarkseinkunn verður 7 í faggreinum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þorsteinn Ingi Hjálmarsson

- Flæði framtíðar ráðstefna í Hljómahöll - 3,5 klst.
- Lauk meistaranámi í vélvirkjun, 46 einingar
- Hússtjórnarkerfi rekstur og viðhald - 7 klst.
- Train the Trainer Certificate námskeið með lokaprófi - 7 klst.
- Unitest Trainer námskeið um kennslu í vélaherfum - 16 klst.

Annað

- Þarf að uppfæra tölvuhermana. Endurnýja tæki í smíða- og suðustofum.

6.2.9 Rafvirkjun		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Björgvin Jónsson	IÐTE2VB04(BV) RAFL1GA03 RAFL2GC03 RAFL3RE04 RAST2RB05 STÝR1GA05	IÐTE2VB04(BV) LYST3RB05 RAFL1GB03 RAFL3GD03 STÝR2GB05 VSME2GR05
Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri	FRLA3RA05 RAFM1GA05 RRVV2RA03 STÝR3RD05 RAFM2GC05 - síðdegisskóli	FRLA3RB05 RAFG1KY05 RAFM2GB05 STÝR3GC05 STÝR3GC05 - síðdegisskóli
Davíð Ásgeirsson	TNTÆ1GA03 x2 TNTÆ3GC05 x2 VGRT1GA03 x2 VGRT2GC03 x2	RATM2GB05 x3 TNTÆ2GB05 VGRT2GB03 x 2
Hlynur Heimisson	RATM2GA05 RAFL2GC03 RAFM2GC05 TNTÆ1GA03 TNTÆ3GC05	TNTÆ2GB05 RAFM2GB05 RAFM3GD05 RAFM3RF05
Karl Kristinn Þórhallsson	RAFL1GA03 RAFM1GA05 RAFM2GB05 RATM2GA05 STÝR1GA05 RATM2GA05 - síðdegisskóli	RAFL3GD03 RAFM2GC05 RLTK3RB05 RRVV2RB03 TNTÆ2GB05 RAFM3GD03 - síðdegisskóli
Sverrir Gunnarsson	RAFL1GA03 RAFM3RE05 RLTK2RB05 STÝR1GA05 UMSJ1NÝ01 VGRT1GA03 VGRT2GC04	RAFL1GB03 RAFL1GB03 RAMV1VA04(AV) RLTK3RB05 STÝR2GB05 STÝR2GB05 UMSJ1NÝ01 VGRT2GB03

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Almennt séð gekk vel á skólaárinu.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Fleiri stofur. Meira pláss þrengir verulega að deildinni.
- Vantar geymslur fyrir verkefni og efni.
- Hefði verið betra að hafa öflugri nemendur.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Tilraunir gerðar með ný mælaverkefni í deildinni.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Mælingarverkefni í deildinni ásamt því að hagnýta gervigreindina. Reynsla notkunar á gervigreind kom vel út í t.d. gerð prófa.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Stendur til að samræma skilareglur.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Misjöfn eftir hópum og nemendum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Hvetja þá áfram til góðra verka.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Plássleysi og virkja nemendur og agaleysi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin Jónsson

- Öryggis- og lokaúttektir bygginga - Iðan

Garðar Þór Garðarsson

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Sköpun, sjálfvirkni, samvinna námskeið hjá 3f Microsoft 365 - 24 klst.

Annað

- Plássleysið er orðið aðkallandi.
- Endurnýjun á klæðningu bása í 105B.
- Setja rennur í 103 eins og gert var í 105A og 108.

6.2.10 Raungreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA3LR05	EFNA3LR05
Hafþór Óskarsson	EÐLI2AF05 EÐLI3RS05	EÐLI2AF05 x2
Harpa Kristín Einarisdóttir	JARÐ2AJ05 x2 NÁTT1GR05	JARÐ2AJ05 NÁTT1GR05 x2 LÍFF3LÍ05
Haukur Viðar Ægisson	LÍFF2LE05 x2 LÍFF2ML05 x2 LÍFF3LÍ05	LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 x2 LÍFF3ER05 NÁTT1GR05
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	LÍOL2SS05 NÆRI2NN05	LÍOL2IL05 LÍOL2SS05 NÆRI2NN05
Michael Anthony Weaver	EÐLI2GA05	

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Gekk ágætlega að kenna nýja áfanga.
- Gekk vel með NÁTT1GR05.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Alltaf spurning um hvort kennarar gefi of marga sénsa.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Alltaf einhverjar breytingar á kennslunni. Sumir eru að nota gervigreindina til að búa til námsefni.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Kennslubækur oft gamlar.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Áfangarnir LÍFF3LÍ05 og LÍFF2LE05 verða sameinaðir í einn áfanga.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Yfirleitt góð í líffræði.
- Verri mæting í NÁTT1GR05 miðað við önnina á undan.
- Lélegri mæting eftir jól.
- Mikið af utanlandsferðum. Léleg mæting fyrstu vikuna eftir páskafrí.
- Lélegri mæting í grunnáföngum en öðrum áföngum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Láta nemendur vita að kennarinn sé þegar búinn að spyrja gervigreindina hvernig á að svara verkefnum.
- Taka vel fram hvað ætlast er til af nemandanum í verkefnum eða prófum.
- Ekki of löng innlögn, meiri áhersla á verkefnavinnu.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Vandræði með netið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt**Hafþór Óskarsson**

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Kennsla með Lockdown Browser í mars 2025 - 1 klst.
- Ráðstefna um menntun í náttúruvísindum í mars 2025 - 8 klst.

Harpa Kristín Einarsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Hvernig má sérsníða og laga kennslustundir með aðstoð Canva október 2024 -2 klst.
- Fræðslufundur fyrir alþjóðafulltrúa í starfsmenntastofnunum 21. október 2024 - Rannís 5 klst.
- Stjörnufræði, norðurljós og fleira í febrúar 2025 - Endurmenntun HÍ 6 klst.
- Menntun í náttúruvísindum. Ráðstefna haldin í Sandgerði 28.-29. mars 2025
- Jarðfræði, áhersla á eldfjöll í apríl og maí 2025 - Endurmenntun HÍ 6 klst.

6.2.11 Samfélagsgreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05
Andri Sigurðsson	FÉLV1FR05 SÁLF2HS05 SÁLF3KV05	FÉLV1FR05 SÁLF2HS05 SÁLF3JS05
Anna Rún Jóhannsdóttir	LOKA3LV05 SÁLF3LÍ05 SÁLF3PS05 UPPE3MU05	LOKA3LV05 SÁLF3SM05 SÁLF3PS05 UPPE2AU05
Atli Þorsteinsson	FÉLV1FR05 FÉLV1IN05 HEIM2NH05 SAGA2HI05	FÉLA3ST05 HEIM2NH05 SAGA2HI05 SAGA3PV05
Bogi Ragnarsson	FÉLA3HE05 FÉLA3KS05 FÉLA3RA05 FÉLV1PF03 LOKA3LV05 SIÐF2SÁ05	FÉLA2ES05 FÉLA3AH05 x2 FÉLA3HE05 FÉLA3KS05 LOKA3LV05
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAGA2SS05	SAGA3KM05
Gunnar Magnús Jónsson	LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES05 x2 LÝÐH1HF05 x2 UMSJ1NÝ01	LÝÐH1FA05 x2 LÝÐH1HF05 x2 UMSJ1NÝ01
Sigurður Hilmar Guðjónsson	HAGF2PF05 x2 VIFR3LF05	HAGF2RH05 x2 HAGF3PF05 VIFR3FK05 VIFR3MR05
Stella Björk Fjeldsted	BÓKF2BF05 BÓKF2BT05 VIFR2FF05 x2	BÓKF2BF05 BÓKF3FS05 FRUM3GA05 MREK4MS03 VIFR2FF05 VIFR3FK05
Sveinn Ólafur Magnússon	FÉLA2ES05 FÉLA3KS05 FÉLV1IN05	FÉLA2ES05 x3 FÉLV1FR05 FÉLV1IN05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Nemendur almennt áhugasamir í 3. þreps áföngum. Um leið og tölvukerfið komst í lag varð miklu betri andi og önnin byrjaði vel. Unnu vel þau verkefni sem voru með skýra verkefnalýsingu og hnitmiðað. Voru orðin betri í lok annar að hugsa út fyrir boxið og takast á við verkefni þar sem þau höfðu ekki skýra og hnitmiðaða verkefnalýsingu.
- Kynningar í Loka gengu mjög vel og skemmtilegt að hafa það inni.
- Gekk vel með VIF3FK.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Nemendur sumir hverjir metnaðarlausir. Léleg skil og mæting sérstaklega rétt fyrir páska, margir þreyttir þá. Áttu erfitt með verkefni sem krafðist gagnrýnnar hugsunar og útsjónarsemi. Vildu fá svörin strax og áttu erfitt með að staldra við og skoða og velta fyrir sér. Mikilvægt að efla það.
- Skoða forkröfur fyrir VIF3FK. Mikill áhugi en forkröfur voru eitthvað að stoppa suma nemendur.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Andri var að setja inn meira að verkefnum þar sem þau þurftu að nýta skapandi hugsun, gekk vel og krakkarnir tóku virkan þátt. Áttu samt erfitt með að byrja en ánægð í lokin.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nýjar kennslubækur hjá Boga, var að koma vel út.
- Kennslubækurnar í viðskiptafræði eru flestar gamlar. Sumar eru frá 2005.
- Allir að uppfæra verkefni að einhverju leiti og var að koma vel út.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Allt í lagi. Léleg rétt fyrir páska. Margir þreyttir.
- Margir að fara í 1-2 vikna útlandaferðir.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með skapandi vinnu.
- Tengja efnið við nútímann og eitthvað sem þau kannast við.
- Mismunandi hvað virkar fyrir hvaða hóp. Sumum finnst gott að láta leiða sig áfram á meðan aðrir vilja fara meira í skemmtilegar umræður.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Erfitt hvað páskarnir voru seint. Vantar fleiri uppbrotsdaga.
- Margir að fara til útlanda.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Rún Jóhannsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.

Atli Þorsteinsson

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Kennsla með Lockdown Browser í mars 2025 - 1 klst.
- H5P gagnvirkni kynning og námskeið - 1 klst.
- Canvas kynning og námskeið - 1 klst.
- Camtasia upprifjunarnámskeið - 1. klst.

Bogi Ragnarsson

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Ungt fólk og líðan, ofbeldi og frávik málþing - 6 klst.

Kolbrún Marelsdóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Jafningjatengsl, þrautseigja og jákvæð forysta - KVAN
- Dekko Comics. Fyrirlesari Rossie Stone endurmenntunarnámskeið
- Ofbeldishegðun og hegðunarvandi í skólastofunni

Stella Björk Fjeldsted

- JA Iceland kennarabjálfun 9. janúar 2025 - 3 klst.
- Canvas kynning og námskeið - 1 klst.



Nemendur í frumkvöðlafræði kynntu verkefni sín á sal.

6.2.12 Starfsbraut

Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Helena Rut Borgarsdóttir	FJÖL1FF04 ÍSLE1TL05 LÍFS1SB03 LÝÐH1SL02 NÝSH1HV02 SAMS1SP02 STÆR1GS02 UMSJ1NN00	BRAG1B01 ENSK1KV02 ÍSLE1BR03 LÍFS1KF03 LÝÐH1SL02 LÝÐH1XX02 SAMS1SP03 UMSJ1NN00
Íris Lind Björnsdóttir	BRAG1SA01 NÝSH1HV02 SAMS1SS01 x2 STÆR1GS02 STÆR1GS03 x2 STÆR1SF03 UMSJ1NN00	BRAG1SB01 ENSK1KV02 ENSK1KV03 x2 ÍSLE1BR02 LÝÐH1RH01 LÝÐ1XX02 NÁSS1GA01 SAMS1SS01 x2 UMSJ1NN00
Jóhann Jóhannsson	BRAG1SA01 ÍÞRÓ1HR01 LÝÐH1ÍH02 LÝÐ1RH01 NÝSH1HV02 SAMS1SP02 STÆR1GS02 STÆR1GS03 x2	BRAG1SB01 ENSK1KV02 ENSK1KV03 LÍFS1KF03 LÝÐH1ÍH02 LÝÐ1RH01 STAR1VF01 UPPT1UT03 ÖKUS1SA02
Magnús Einþór Áskelsson	BRAG1SA01 LÍFS1SB03 LÝÐH1H02 LÝÐH1LY02 LÝÐH1RH01 NÝSH1HV02 SAMS1SP02 SAMS1SS01 SAMS1SP03 STAR1VF01 STÆR1GS03	BRAGG1SB01 ENSK1KV03 x2 LÍFS1KF03 LÝÐH1ÍHF03 LÝÐH1RHO1 LÝÐH1XXX02 SAMS1SP02 STARV1VF01 UMSJ1NN00 ÖKUSTSA02
Ólöf Ósk Óladóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1TL03 LSTR1ET03 LÝÐ1RH01 NÝSH1HV02 STÆR1GS03	BRAG1SB01 ÍSLE2R03 LÍFS1KF03 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1XX02 SAMS1SP03 SAMS1SS01 SKNÁ1UM02

Sunna Pétursdóttir	BRAG1SA01 LÍFS1SB03 X 3 LSTR1GH01 NÁSS1GA01 NÝSH1HV01 STAR1RS01 UMSJNN00	BRAG1SB01 LÍFS1HS03 LÍFS1KF03 X 2 LÝDH1SU02 LÝDH1XX02 NÁSS1GA01 SAMS1SS02 STAR1RS01 UMSJ1NN00
Telma Rut Eiríksdóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1KM03 ÍSLE1TL03 LÍFS1SB03 NÝSH1HV02 STAR1ST01 UMSJ1NN00	BRAG1SB01 ÍSLE1AF05 ÍSLE1BR03 ÍSLEHV03 LSTR1GH03 LÝDH1XX02 STAR1ST01 UMSJ1NN00
Póra Sigríður Jónsdóttir		BRAG1SB01 ÍSLEBR03 LÍFSL1KF02 LSTR1TX03 LÝDH1XX02 SAMS1SS01
Valgerður Guðbjörnsdóttir	BRAG1SA01 ÍSLE1TL03 x2 LÝDH1GÖ02 LÝDH1RH01 SAMS1SP02 SAMS1SP03 STAR1VF01 UMSJ1NN00	BRAG1SB01 ENSK1KV03 ÍSLE1BR03 x2 LÍFS1KF03 LÝDH1RH01 LÝDH1XX02 SAMS1SS01 UMSJ1NN00

Á starfsbraut störfuðu sex stuðningsfulltrúar á báðum önnum þær Drífa Guðmundsdóttir í 100% stöðu og þær Ljósbrá Mist Bjarnadóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Auður Edda Gunnarsdóttir, Elín Anna Guðmundsdóttir, Sandra Mjöll Ólafsdóttir allar í 80% stöðu.

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Námsfnið var ágætt í öllum áföngum.
- Hóparnir voru frekar stórir en vel skipt í hópana.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Búa til hóp í íslensku sem annað mál - erfitt að mæta nemendum í stærri hóp ef þeir hafa ekki nægilega góð tök á íslensku.
- Vera opnari fyrir skapandi skilum.
- Of stór hópur í ökunámi, einn tími í stað tveggja í viku. Stærð hópa í ökunámi mætti vera 6-7.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Skynnáam fyrir lítinn hóp nemenda. Ökunám í samstarfi við ökuskóla.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nýjar bækur í öllum áföngum.
- Heilsulæsi nýr áfangi. Nýsköpun ný á haustönn.
- Íslenska; þættirnir Svörtu sandar teknir fyrir.
- Efni áfanganna gagnaðist vel sem grunnur fyrir kennslu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Stokkataflan breytir uppbyggingu stundataflna nemenda. Stofubreytingar verða einnig miklar og margir nýir nemendur að koma inn.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Heilt yfir var mætingin ágæt. Það voru nokkrir nemendur sem mættu mjög illa á önninni.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Misjafnt eftir hópum. Helst ef hægt er að tengja áhugasviði nemenda.
- Nemendur unnu best eftir forskrift.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Stórir hópar, ólíkir einstaklingar með ólíkar þarfir og oft erfitt að ná til þeirra allra. Erfitt að vera með einstaklingsmiðað nám fyrir alla.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Helena Rut Borgarsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Nám í einkapjálfun

Íris Lind Björnsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Tobiidynavox tjáskiptatölva október og nóvember 2024 og apríl 2025 - 3 klst.

Jóhann Jóhannsson

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Tobiidynavox tjáskiptatölva október og nóvember 2024 og apríl 2025 - 3 klst.

Ólöf Ósk Óladóttir

- Spænska I - Endurmenntun HÍ 8 klst.
- Hagnýrar gervigreindalausnir - Endurmenntun HÍ 7 klst.

Sunna Pétursdóttir

- Áfangar í Háskólanum á Akureyri:
 - LMF1510 Félagslegt réttlæti, margbreytileiki og fjölbeygni
 - HMB1510 Hugmyndafræði og starf í skóla margbreytileikans
 - NPN1510 Námskrár og þróun náms og kennslu
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Stjórnun jafningja 21. október 2024 - Þekkingarmiðlun 6 klst.
- Tobiidynavox tjáskiptatölva október og nóvember 2024 og apríl 2025 - 3 klst.

Telma Rut Eiríksdóttir

- Langar þig að byggja upp jákvæðari menningu í kennslustofunni? Háskóli Íslands - 5 klst.
- Áfallamiðuð nálgun í skólastarfi, á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu - 7 klst.
- Námskeiðið Stjórnun jafningja á vegum Þekkingarmiðlunar 21. október 2024 - 6 klst.
- Tobiidynavox tjáskiptatölva október og nóvember 2024 og apríl 2025 - 3 klst.

Valgerður Guðbjörnsdóttir

- Tobiidynavox tjáskiptatölva október og nóvember 2024 og apríl 2025 - 3 klst.

Annað

- Kynnisferð hjá öðrum starfsbrautum hérlendis/erlendis.
- Meira framboð á verknámi fyrir nemendur á starfsbraut.

6.2.13 Stærðfræði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Elín Rós Bjarnadóttir	STÆR1FA05 STÆR1PA05 STÆR2AR05 STÆR2TL05 UMSJ1NN00 UMSJ1NÝ0	STÆR1FB05 STÆR2AR05 STÆR2TL05 ÍPRÓ1JH01 UMSJ1NS01 UMSJ1NÝ01
Guðlaug Pálsdóttir	STÆR2AH05 x2 STÆR2TL05 EFNA2LM05 x2	STÆR2AH05 STÆR2TL05 x2 EFNA2LM05 EFNA2GE05
Hildur Guðjónsdóttir	STÆR2AR05 x2 STÆR1AR05 STÆR2TL05 STÆR2VH05	STÆR2AR05 STÆR2TL05 STÆR2VH05 x2 STÆR3DF05 LOKA3LV05
Jón Gunnar Schram	STÆR1PA05 STÆR1AR05	STÆR1PA05 STÆR1AR05
Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri	STÆR2VH05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR3FT05	STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR3AF05 STÆR4SG05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1FA05 STÆR1PA05 x2 STÆR1AR05 x2 UMSJ1NÝ01	STÆR1FB05 STÆR1PA05 STÆR1AR05 x2 STÆR2AR05 UMSJ1NÝ01
Michael Anthony Weaver	STÆR2MÁ05 STÆR3MÁ05	STÆRMÁ05(A)
Sigurður Hilmar Guðjónsson	STÆR1PA05 STÆR2AR05	
Stella Björk Fjeldsted	STÆR2AR05	
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR2AH05 STÆR3ÁT05	STÆR2AH05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- Gott samstarf á milli kennara, skipulag kennslu.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- Tölvumál höfðu áhrif á kennslu og starfsanda. Ýtti undir pirring. Var streituvaldandi.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Lokapróf í STÆR2TL05. Vægi stöðuprófa var aukið í vetrareinkunn í STÆR2VH05 og STÆR3DF05. Í STÆR1AR05 voru bara 2 einstaklingsverkefni (ekki bæði hóp- og einstaklingsverkefni).
- Kennarar strangari hvað varðar vasareikni og símanotkun.
- Fjöldi stöðuprófa var aukinn úr 2 í 4 í STÆR3ÁT05.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Engar nýjar kennslubækur á þessari önn.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næsta skólaári?

- Nýtt námsefni í fornámi í stærðfræði.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting mjög mismunandi. Nemendur voru talsvert mikið að fara í utanlandsferðir á önninni og sumir létu ekki einu sinni vita fyrir fram að þau væru að fara.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með því að útiloka síma og síðan með hvatningu og peppi.
- Með stífar reglur.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Símanotkun nemenda.
- Skortur á þrautseigju.
- Heimalærdómur.
- Nemendur standa stundum upp og labba út – halda nemendum í stofunni.
- Nemendur mjög fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn – orðinn stór hópur.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Elín Rós Bjarnadóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Meistaránám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst. Mannauðsstjórnun

Guðlaug Pálsdóttir

- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Hildur Guðjónsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Inga Lilja Eiríksdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.

Margrét Sigurvinsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Spænskunámskeið - Endurmenntun HÍ 12 klst.
- Hvar get ég gengið í sumar? - Endurmenntun HÍ 4 klst.
- Europass Teacher Academy - Digital Tools for Mathematics: Focus on GeoGebra and LaTeX í apríl 2025 - 30 klst.

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Stjórnun jafningja 21. október 2024 - Þekkingarmiðlun 6 klst.
- Hvar get ég gengið í sumar? - Endurmenntun HÍ 4 klst.
- Europass Teacher Academy - Digital Tools for Mathematics: Focus on GeoGebra and LaTeX í apríl 2025 - 30 klst.

Annað

Mikilvægt er að hafa stærðfræðihópana í stofum sem hafa stóra töflu sem hægt er að færa upp og niður. Ómögulegt er að kenna stærðfræði á litla töflu og til dæmis í gámunum. Stofur 206 - 210 og 321 og 323 eru tilvaldar fyrir stærðfræði.



Fyrirverandi starfsmenn kíktu í heimsókn á vorönninni.

6.2.14 Tölvugreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Bragi Einarsson	UPPL2TU05	UPPL2TU05
Gísli Ragnarsson	FORR2PH05 VFOR2FE05 VFOR3LO05 VEFH2HÖ05 x2	FORR1KE01 FORR2HF05 FORR2PH05 FORR3RR05 VFOR2GR05 VFOR3BE05
Guðmann Kristþórsson	UPPT1UE02	UPPL2TU05(FN)
Hafþór Óskarsson	FORR1GA05 FORR3HF05	FORR2LE05 GAGN2GR05
Hilmir Aron Kárasen	GAGN2GR05 TÖLE2SF05 GAME2MÁ05 GAME3MÁ05 LEIF1GR05	FORR1KE01 LEIF2GR05 GAME3MÁ05 LOKA3GA05 TÖLE1IG05 VFOR2GR05
Hjörtur Guðbjartsson		UPPL2TU05(FN)
Michael Anthony Weaver	UPPL1FA05 x2	FORR2MÁ05 x2 FORR2PH05 UPPT1UE02
Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri	TÖTÆ1GR05 VITA2VT05 FABL2GR05	TÖTÆ2FR05 FABL2GR05 x2

Hvað gekk vel á skólaárinu?

- UPPL2TU05 - vorönnin gekk mun betur en haustönnin. Haustnemar voru lakari en þeir sem komu eftir áramót. Mun hærri meðaleinkunn og minna fall á vorönn.
- Lokapróf voru sett á í nokkrum tölvugreinum og gekk mjög vel að hafa lokapróf, hvort sem þau voru á pappír eða í gegnum læstan vafra.
- Heilt yfir var mæting nemenda á tölvubrautum mjög góð og gengu báðar mjög vel.

Hvað hefði betur mátt fara á skólaárinu?

- UPPL2TU05 – nemendum var gefinn svolítið laus taumur varðandi verkefnaskil og þau duglegustu voru eiginlega búin um páska. Næsta haust verður meiri stýring á hvenær þau mega byrja á næstu lotu þegar einni er lokið.
- Slök mæting og virkni hjá nemendum eftir páska á tölvubrautum, eins og hafi dottið botninn úr námi hjá nemendum.
- Þarf að koma betur til skila til nemenda á tölvuleikjabraut að þau þurfi að koma með/fjárfesta í tölvu sem þarf að vera visst öflug. Setja upp viðmið og lista um hver eru lágmarksviðmið fyrir tölvur nemenda svo þau geti stundað nám á tölvuleikjabraut. Það þarf að vera alveg á hreinu að nemendur sem innritast á þessa braut þurfa að koma með eigin tölvu til að geta stundað námið á brautinni.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

- Notast var í fyrsta skipti við Lockdown Browser þar sem nemendur geta gert verkefni eða próf í gegnum netið þar sem kennari velur hvað er opið og hvað ekki. Mjög hentugt bæði til verkefnavinnu sem og í próf og lokapróf.
- Lagðar voru fram vikulegar spurningar úr námsefninu til að reyna að fá nemendur til að lesa efnið jafnt og þétt yfir önnina.
- Í sumum áföngum voru nemendur beðnir um að nota gervigreind við verkefnaúrlausnir sem nýtist þeim í náminu, þ.e. læra að nýta gervigreindina til hagnýtingar í alvöru verkefnavinnu.
- Í upplýsingatækni var nýjungin sú að nemendur komu til kennara með fartölvur til að fá úrlausn vandamála sinna í stað þess að kennari sé að troðast á milli nemenda til að veita aðstoð. Þetta kom vel út bæði fyrir kennara sem og nemendur.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Í upplýsingatækninni er kennarinn að útbúa leiðbeiningar fyrir Apple notendur en munur er á forritum sem kennd er á í upplýsingatækninni og fer það eftir stýrikerfi tölvanna sem notaðar eru. Æ fleiri nemendur eru með Apple tölvur en kennslubækurnar miða við Windows tölvur. Þetta hefur gengið vel og nýtist nemendum, ef þau muna eftir að skoða þær fyrst áður en kennarinn er beðinn um aðstoð.
- Uppfært námsefni í Netacad hjá Cisco, Network Essentials, köflunum var skipt upp í minni einingar og eru nú 39 kaflar sem voru 16 áður. Gerir kaflana viðráðanlegri yfirferðar og henta betur upp á kennslustundir.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Auka notkun á Lockdown Browser bæði í prófum og einnig í kennslu þar sem nemendur vinna verkefni og fleira.
- Samræma forritunarmál sem kennd eru við skólann og láta alla læra grunninn í Python svo það sé ekki verið að kenna mörg forritunarmál. Python er það forritunarmál sem er kennt í öllum háskólum á Íslandi og hentar því vel sem upphafsmál í forritun.

Hvernig var mætingin á skólaárinu?

- Mæting ágæt í byrjun en verður slakari þegar líður á önnina. Mæting eftir páska mjög slök.
- Í upplýsingatækninni var mætingin mun betri eftir áramótin en á haustönninni.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með gulrót. Vera með dagskrá innan tímans þar sem hver liður er skráður niður og sýnilegur.
- Vera með stuttar innlagnir og verkefni í kjölfarið þar sem nemendur fá að fara þegar þeir klára verkefni.
- Í upplýsingatækni var best að tala við þau. Þurfti nú ekki mikið að halda þeim við efnið eftir áramót en sjálfsagt var það gulrót að þau fengu frjálsa mætingu þegar þau voru búin með öll verkefni.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á skólaárinu?

- Mæting nemenda seinni partinn á önninni og virkni í tíma.
- Notkun á gervigreind til að gera verkefni.
- Þegar nemendur hverfa í verkefni eins og landsliðsferðir, Erasmus eða annað og vinna ekkert í verkefnum á meðan þeir eru í burtu.
- Mikið af nemendum sem fara erlendis í skemmtiferðir og vinna ekkert á meðan.
- Á haustönninni voru töluverð agavandamál meðal nemenda og allar tölvur í stofu 320 voru í lamasessi. Legg til að nemendur komi með sínar eigin vélar og stofunni verði breytt úr tölvustofu í fartölvuvæna kennslustofu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Rósa Guðmundsdóttir

- KVAN námskeið í FS í ágúst 2024 - 7 klst.
- Flæði framtíðar ráðstefna í Hljómahöll - 3,5 klst.
- Utís Online í september 2024 - 8 klst.
- Kennsla með Lockdown Browser í mars 2025 - 1 klst.
- STM207F Menntun og menntastefnur í alþjóðlegu samhengi - Háskóli Íslands 10 ECTS á vorönn 2025

Annað

- Erfitt að vera að kenna áfanga sem á að vera grunnáfangi en í nemendahópnum eru annarsvegar algjörir byrjendur í efninu, síðan nemendur sem hafa mikla reynslu í efninu og nemendur sem tala hvorki íslensku né ensku. Þetta reynir mjög á kennarann.



Kennarar kynntu valáfanga á sal.

6.3 Lokaorð

Skólaárið 2024-2025 einkenndist af skemmtilegu og fjölbreyttu skólastarfi. Við skólann starfar öflugur starfsmannahópur sem heilt yfir er samhentur og gengur í takt. Það má best sjá með niðurstöðum úr könnuninni Stofnun ársins en skólinn varð í fyrsta sæti þriðja árið í röð í flokki stórra stofnana. Á skólaárinu var alla jafna fundað tvisvar sinnum í viku og var leitast eftir að vera með fjölbreytt fundarefni og halda jafnvægi á milli fundartegunda. Fundir skiptast í starfsmannafundi, kennarafundi, samráðsfundi, fagfundi, faggreinafundi, starfsþróunarfundi, námsfundi, námskeið, örnámskeið, kynningar og erindi. Í vetur var samráðsfundum gert hærra undir höfði og sveigjanleiki kennara til faglegs samráðs aukið með fleiri samráðsfundum. Á haustönn hófst kennsla í tölvuleikjagerð við skólann en nemendur af öðru og þriðja ári frá Menntaskólanum á Ásbrú fluttust yfir til okkar og eins var boðið upp á kennslu í Tölvuleikjagerð á nýrri námsbraut við skólann. Þetta nám eykur til muna fjölbreytni í námsvali nemenda sem innritast í skólann.

Skólastarf vetrarins fór vel fram og einkenndist af hefðbundinni starfsemi eins og almennri kennslu flesta daga ásamt vetrarfríi, jólafríi, páskafríi, miðannarmati, dimissio, próftímabilum, starfshlaupi, uppbrotsdegi og í lok vorannar sóknardögum starfsmanna. Á sóknardögum í lok vorannar brugðu starfsmenn undir sig betri fætinum og flugu í skólaheimsóknir til Prag. Þar voru skoðaðir 20 mismunandi framhaldsskólar en hver kennari skoðaði 4 mismunandi skóla. Meðal þeirra skóla sem voru skoðaðir voru Textilni skola sem sér hæfir sig í textílhandverki og hönnun, Michael School sem sérhæfir sig í stjórnun, ljósmyndun, kvikmyndagerð, grafískri hönnun og tölvuleikjahönnun. MOUSS sem er starfsmenntaskóli sem býður upp á nám m.a. í hárgreiðslu, hárkollu- og förðunargerð og íþróttanuðdi. Manual Craft Academy sem býður upp á nám í smíði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði. Skoda Auto High School er verkfræðiframhaldsskóli sem býður upp á hágæða starfsmenntun og öllum þeim sem ljúka námi með góðum árangri býðst starf hjá fyrirtækinu. Jedlick Institute and Schools og Karla Herforta Secondary School starfa báðir með nemendur sem glíma við líkamlega fötlun eða þroska skerðingu. Einnig var Charles University heimsóttur en hann var stofnaður árið 1348 og er einn af elstu og virtustu háskólum í Evrópu. Þessir skólar eru aðeins brot af þeim áhugaverðu skólum sem voru skoðaðir.

Námstjórar þakka fyrir lærdómsríkt og gefandi skólaár.

Katrín Sigurðardóttir, Rósa Guðmundsdóttir og Þjóðbjörg Gunnarsdóttir námstjórar tóku saman.

7 Skýrsla bókasafns

7.1 Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 12 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Í safninu er einnig kennslustofa sem er notuð fyrir nokkra minni hópa. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarárél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður.

7.2 Skólaárið 2024-2025

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-15:00 og föstudaga kl. 8:00-14:00. Alls er safnið því opið 34 tíma í viku. Starfsemi safnsins var með hefðbundnu sniði á skólaárinu.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað rúmlega 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Í upphafi hverrar annar eru hefti sem kennarar búa til seld á bókasafninu. Auk þess geta nemendur keypt blýanta á safninu og nemendur í háriðnum greiða fyrir búnað í upphafi skólaárs.

7.3 Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2024-2025	Safnkostur		Aðföng 2024-2025
Bækur	68	16.806	Keypt	67
Myndefni	0	1.142	Aðsent	4
Hljóðefni	0	247	Gjafir	2
Hljóðbækur	0	69	Kennslubækur	6
Annað	5	19		
Afskrifað: 48				
Samtals	73	18.283		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	1	500 Raunvísindi	1
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	1	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	2
200 Trúarbrögð	0	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	11
300 Samfélagsfræðigreinar	14	800 Bókmenntir	21
400 Tungumál	2	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	20

Tímaritaáskriftir: 19

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttu- og dreifibréfa.

7.4 Útlán

Heimlán: 314

Millisafnalán: 4

Lán innan safns/skóla: 13.377 (haustönn 8.285, vorönn 5.092)

Guðmann Kristþórsson forstöðumaður bókasafns tók saman.



Keppendur í söngkeppninni Hljóðnemanum.

8 Skýrsla námsráðgjafa

8.1 Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann, Guðrún Jóna Magnúsdóttir, Sesselja Bogadóttir og Sunna Gunnarsdóttir. Allar voru þær í 100% starfshlutfalli. Nemendafjöldi í dagskóla á haustönn 2024 voru um 1000 og 130 nemendur í síðdegisnámi. Á vorönn 2025 voru nemendur tæplega 950 í dagskóla og um 50 í síðdegisnámi.

8.2 Verkaskipting námsráðgjafa

Námsráðgjafar skipta með sér verkefnum sem eru mjög fjölbreytt. Þessi verkefni eru eftirfarandi:

- Halda utan um verknámsnemendur skólans og sjá um að skrá nemendur úr verknámi til útskriftar.
- Vera í áfallateymi skólans og eineltisteymis skólans.
- Hafa umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf.
- Sinna umsjón útskriftarnemenda.
- Tengiliðir Heilsueflandi framhaldsskóla, Flugsins og Farsældar.
- Halda utan um nýnemadaginn.
- Halda utan um fornámsnemendur.
- Halda utan um nemendur sem komu frá tölvuleikjagerð Keilis.
- Halda utan um aðstoðarlistann.
- Sjá um auglýsingar fyrir skólann á Instagram.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Nemendur komu í FS og fengu kynningu á skólanum bæði í húsnaðinu sjálfu og á sal skólans. Boðið var upp á hressingu sem mæltist vel fyrir. Allar tóku þær viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Námstækni- og prófkvíðanámskeið eru orðin einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir. Eins geta nemendur tekið kaflapróf inni hjá námsráðgjafa ef þess er óskað eftir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafar búa til excel skjöl fyrir nemendur skólans og uppfæra þau með nemendum. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

8.3 Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á heimasíðu skólans, á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Flestir sem koma til námsráðgjafa eru að velta fyrir sér námi skólans og fá aðstoð við gerð námsáætlana. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Fámennur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

8.4 Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum ásamt skjalastjóra í Gopro. Allar upplýsingar er varða nemendur á að varðveita í Gopro.

Námsráðgjafar hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að útbúa vottorð fyrir nemendur sem sækja um á Hljóðbókasafnið. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2024 voru 118 greiningar vegna lesblindu, 94 greiningar vegna ADHD og ADD. Á vorönn 2025 voru 116 greiningar vegna lesblindu, 95 greiningar vegna ADHD og ADD. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri eða ADHD/ADD en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá lokaprófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í lokaprófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2024 voru 48 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2025 voru 47 nemendur sem sóttu sérúrræði í lokaprófum.

Skólaárið 2024 til 2025 var boðið uppá félagsráðgjafabjónustu við skólann þar sem einn félagsráðgjafi var með fasta viðveru í skólanum alla daga frá 8-14. Bókanir fóru fram á skrifstofu skólans eða í gegnum tölvupóst.

8.5 Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni. Þessi viðtöl eru í júní og ágúst. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar. Haustið 2024 byrjuðu 35 nemendur í fornámi.

8.6 Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

8.7 Farsæld

Lög um samþættingu um þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi árið 2022. Innleiðing farsældar gekk vel á skólaárinu. Allir námsráðgjafar eru tengiliðir farsældarþjónustu í skólanum auk tveggja brautarstjóra starfsbrautar og félagsráðgjafa skólans. Tengiliðir héldu fundi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Meðal annars komu tengiliðar frá Suðurnesjabæ á fund og svo komu fulltrúar félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ á fund og að lokum kom verkefnastjóri Farsældar á fund með tengiliðum FS.

8.8 Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

8.9 Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar og félagsráðgjafi sóttu netnámskeið um áfallamiðaða nálgun í skólastarfi hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu alls 9 klukkustundir. Námsráðgjafar skráðu sig á Farsældarþing sem fór fram í janúar. Námsráðgjafi og félagsráðgjafi skólans fóru á Samráðsfund vegna barna og ungmenna út frá farsæld á vegum Öruggeri Suðurnesja.

8.10 Fundir innan skólans

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans eins og áður. Á vorönn kom MEMM hópurinn (Menntun, móttaka og menning) á fund með námsráðgjöfum, félagsráðgjafa, áfangastjóra og verkefnastjóra á NFE brautinni (Nám fyrir erlenda nemendur). Síðar á önninni kom þjónustuteymi Grindvíkinga með erindi um áföll sem námsráðgjafar auk félagsráðgjafans voru á.

8.11 Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum öðrum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Námsráðgjafar tóku þátt í Starfsgreinakynningu á Suðurnesjum í september. Í mars var „Mín framtíð“ haldið í Laugardalshöll og þar tóku námsráðgjafar þátt í að kynna skólann. Í apríl var haldin námskynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum í sal skólans.

8.12 Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta námsferla, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Guðrún Jóna Magnúsdóttir, Sesselja Bogadóttir og Sunna Gunnarsdóttir náms- og starfsráðgjafar tóku saman.



Skólablaðið Vizkustykki kom út á haustönn og vorönn.

9 Skýrsla félagsráðgjafa

9.1 Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu lykiltölum og verkefnum sem unnin voru af félagsráðgjafa Fjölbautaskóla Suðurnesja á skólaárinu 2024–2025. Markmiðið er að veita yfirsýn yfir þá þjónustu sem félagsráðgjafi veitir, bæði hvað varðar umfang og eðli mála sem nemendur leita með auk annarra verkefna. Þjónustan miðar að því að styðja nemendur sem glíma við tilfinningalegan, félagslegan eða persónulegan vanda og tryggja að þeir fái viðeigandi aðstoð.

Félagsráðgjafinn starfaði áfram í 80% starfshlutfalli og er orðinn einn af tengiliðum farsældar við skólann ásamt því að sitja í áfalla- og eineltisteymi skólans. Hann tók þátt í fjölbreyttum verkefnum, þó aðaláherslan sé á ráðgjöf og viðtöl við nemendur. Þrátt fyrir að félagsráðgjafi hafi starfað við skólann í fimm annir kom í ljós að hlutverk hans virðist enn óljóst sumum nemendum og starfsfólki. Því var enn og aftur lögð sérstök áhersla á að kynna þjónustuna í upphafi skólaárs með upplýsingapósti til nemenda, foreldra og starfsfólks. Einnig fór félagsráðgjafi inn í umsjónartíma nýnema ásamt því sem þjónustan var kynnt á upplýsingaskjám skólans. Áfram var unnið markvisst að því að gera þjónustuna aðgengilega og sýnilega með skýrum skilaboðum um að öll mál, stór sem smá, eigi erindi við félagsráðgjafa. Nemendur gátu haft samband með rafrænum hætti, með heimsókn á skrifstofu, með tölvupósti eða SMS. Einnig gátu foreldrar, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, starfsfólk skólans og annað fagfólk óskað eftir viðtali fyrir nemendur. Flest viðtöl voru staðbundin en einnig voru símaviðtöl í boði þegar við átti. Þörf nemenda fyrir þjónustu var fjölbreytt og í sumum tilfellum reyndist nauðsynlegt að vísa nemendum í eða benda þeim á sérhæfðari úrræði, s.s. sálfræðiþjónustu, félagsþjónustu sveitarfélaga og starfsendurhæfingu. Samstarf við þessar þjónustustofnanir var gott sem gerði félagsráðgjafanum kleift að styðja nemendur á heildrænan og skilvirkan hátt.

9.2 Skipulag þjónustu

Félagsráðgjafi skólans býður nemendum sem eiga í félagslegum, námslegum og/eða tilfinningalegum vanda upp á einstaklingsviðtöl og er áhersla lögð á að valdefla nemendur og vinna að lausnamiðaðri nálgun. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur með hagsmuni hans og heildarsýn að leiðarljósi þannig að unnið sé í samhengi við umhverfi hans og tengsl.


Þjónusta félagsráðgjafa er nemendum að kostnaðarlausu. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að stuðla að almennri velferð og góðri líðan, greina vanda, veita stuðning og ráðgjöf og vísa nemendum á viðeigandi þjónustu eða beina áfram þar sem það á við. Þverfagleg samvinna er á meðal aðila innan skólans og utan. Ástæður fyrir þjónustu eru margvíslegar svo sem að byggja sig upp andlega, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, greina styrkleika og auka seiglu ásamt því að draga úr áhrifum ýmissa hindrana sem standa í vegi fyrir því að nemendur nái markmiðum sínum. Viðtalstímar eru yfirleitt 50 mínútur en geta verið styttri eða lengri þar sem við á.



Gula liðið vann Starfshlaupið.

9.3 Lykiltölur

Á skólaárinu 2024-2025 bárust beiðnir um viðtöl hjá félagsráðgjafa fyrir 134 nemendur og skiptust þannig; 54 frá nemendum sjálfum, 17 frá foreldrum, 8 frá sex kennurum, 2 frá skólaritara, 2 frá starfsbrautarstjóra, 13 frá náms- og starfsráðgjöfum skólans, 5 frá Forvarnar- og meðferðarteymi barna hjá HSS, 1 frá ráðgjafa Keilis, 1 frá stoðþjónustu grunnskóla, 14 frá áfangastjóra í kjölfar fundar skólaráðs ásamt því sem 9 komu í gegnum vinkonu/vin og 8 mál sem félagsráðgjafi fylgdi eftir í kjölfar viðtala við nemendur 10. bekkjar vor 2024. Kynjahlutfall nemenda skiptist þannig að drengir voru 40% og stúlkur 60% sem er sambærilegt frá árinu áður. Langflestar beiðnir bárust fyrir nemendur fæddum 2008 og 2007, sjá mynd 1.




Mynd 1. Aldursdreifing nemenda sem beiðnir bárust fyrir

Langflestar viðtalsbeiðnirnar bárust á haustönn 2024, sjá mynd 2. Í kjölfar beiðna var nemendum boðið viðtal og af þessum 134 beiðnum sem bárust mættu átta nemendur ekki í boðað viðtal og einn dróg beiðni um viðtal til baka og ekki náðist í tvo. Alls mættu 123 nemendur í viðtal á skólaárinu. Reynt var að hafa biðtíma eftir viðtölum stuttan og var hann í flestum tilvikum fáeinir dagar. Fjöldi viðtala við hvern nemanda var misjafn, allt frá einu upp í 20 allt eftir eðli og vinnslu máls en meðalfjöldi viðtala var 3,78. Ekkert hámark er sett á fjölda viðtala heldur er mikilvægt að veita stuðning og/eða ráðgjöf þegar nemendur þurfa á að halda. Í ofangreindum tölum eru ekki taldir þeir nemendur sem „kíktu“ í heimsókn til félagsráðgjafa ýmist til að lýsa yfir áhyggjum af vini/vinkonu eða til að spjalla en þeir voru þó nokkrir sem komu reglulega við til að segja frá því sem á daga þeirra hafði drifið.

Þessir nemendur áttu það sameiginlegt að hafa verið í viðtölum félagsráðgjafa á undanförunum skólaárum. Einnig eru ekki tölur um tilfallandi nemendur þar sem félagsráðgjafi sat í viðtölum með skólameistara eða námsráðgjöfum vegna ákveðinna mála sem komu upp.

Starf félagsráðgjafa snýr fyrst og fremst að því að vera til staðar fyrir nemendur og veita þeim öruggt umhverfi til að ræða um sín mál. Lagt er upp með veita nemendum stuðning og ráðgjöf, greina stöðu þeirra m.t.t. líðan í skóla og daglegu lífi. Ráðgjöf er veitt um raunhæf bjargráð og aðferðir sem geta styrkt þá í að takast á við áskoranir og auka vellíðan. Þegar við á er nemendum bent á viðeigandi úrræði innan skólans eða utan hans til frekari aðstoðar, s.s. námsráðgjöf og sálfræðiviðtöl. Mikilvægt er að árétta að starf félagsráðgjafa er ekki meðferð, frekar en sú þjónusta sem skólasálfræðingar veita, heldur að grípa nemendur og vísa áfram í viðeigandi meðferð/úrræði þar sem þess gerist þörf. Stuðningur á meðan á námi stendur getur skipt sköpum fyrir úthald og mætingu nemenda. Þetta á jafnframt við um þá nemendur sem bíða eftir að komast í önnur úrræði og þurfa á stuðningi að halda á meðan biðtíma stendur.




Mynd 2. Fjöldi viðtalsbeiðna eftir mánuði

Ástæður viðtalsbeiðna voru margvíslegar og þjónustubörf mismikil. Til að kortleggja nánar líðan og stöðu nemenda voru sjálfsmatslistarnir *Depression and Anxiety Stress Scale* (DASS), *Patient Health Questionnaire* (PHQ-9), *Generalized Anxiety Disorder* (GAD-7), *Revised Children's Anxiety and Depression Scale* (RCADS), *Children's Depression Inventory* (CDI), *Social Interaction Anxiety Scale* (SIAS), *Social Phobia Scale* (SPS), *Sjálfsmatskvarði Robsons* (SCQ), *Self Evaluation* lagðir fyrir nemendur auk þess sem stuðst var við viðtalsskimun *Adverse Childhood Experiences* (ACEs). Notkun sjálfsmatslista getur verið gagnleg við að greina hvort eða hvers konar undirliggjandi vandi sé til staðar, hvort þörf sé á frekari inngripi eða aðstoð. Þó eru slíkir listar ekki notaðir í öllum tilvikum heldur metið hverju sinni út frá aðstæðum og þörf nemanda. Við skráningu og flokkun meginástæðna var þeim skipt niður í fjóra þætti út frá mati nemenda og félagsráðgjafa. Þrátt fyrir eftirfarandi skiptingu er töluverður samsláttur margra þátta í stórum hluta tilfella enda vandi nemenda oft fjölþættur og ekki einskorðaður við einn ákveðinn þátt.

1. Depurð/vanlíðan
2. Kvíði
3. Félagslegir þættir m.a.
 - Veikt stuðningsnet
 - Erfiðar fjölskylduaðstæður
 - Séraðstæður nemenda úr Grindavík
 - Einmanaleiki
4. Annað
 - Brotin sjálfsmynd
 - Óunnin mál tengt fortíð s.s. áföll, missir og einelti
 - Samskiptavandi
 - Skortur á seiglu
 - Týndur í lífinu og vantar stefnu
 - Tilfallandi aðstæður s.s. veikindi, ástarsorg, hreinlæti

Í 14,5% tilvika mátti rekja helstu ástæðu fyrir komu til depurðar/vanlíðan, 19,5% til kvíða, 26% til félagslegra þátta og í 40% tilvika var ástæðan önnur. Þjónustubörf flestra nemenda var mætt með viðtölum hjá félagsráðgjafa. Í 24% tilvika var þörf á sérhæfðari þjónustu samhliða viðtölum eða í framhaldi af þeim. Samtals var 16% nemenda vísað í sálfræðiþjónustu og í 10% tilvika var þörf fyrir aðkomu annarra sérfræðinga s.s. innan félagsþjónustunnar, heilsugæslunnar og Landspítalans, Velferðarsjóðs Keflavíkurkirkju, VIRK og fjölskylduráðgjafa.



Mynd 3. Yfirlit yfir helstu ástæður fyrir komu til félagsráðgjafa

Í ár var líkt og síðastliðin vor ákveðið að bjóða öllum nemendum 10. bekkjar á Suðurnesjum sem hyggjast stunda nám í skólanum næstkomandi skólaár og glíma við tilfinningavanda s.s. kvíða að koma í viðtal hjá félagsráðgjafa skólans, bæði til að ræða um líðan sína og einnig til að mynda tengsl. Það getur reynst sumum erfitt skref að hefja nám í nýju umhverfi innan um nýtt starfsfólk og nýja nemendur. Þann 29. apríl var tölvupóstur sendur á alla grunnskóla Suðurnesja þar sem þjónustan var kynnt. Pósturinn var endursendur ca. viku síðar til þeirra skóla sem höfðu ekki svarað fyrri pósti til að ganga úr skugga um að upplýsingarnar hefðu örugglega komist til skila. Af þeim 10 skólum sem pósturinn barst til nýttu nemendur 9 þeirra sér þjónustuna. Alls óskuðu 15 foreldrar eftir viðtali fyrir barn sitt ásamt 1 nemendaráðgjafa, 1 námsráðgjafa og 1 aðstoðarskólustjóra fyrir hönd eins nemanda þeirra samtals 18 nemendur. Að auki óskuðu tvær mæður eftir viðtali fyrir barn sitt í ágúst áður en skólinn hefst.

9.4 Önnur verkefni félagsráðgjafa og námskeið

Félagsráðgjafi sótti ýmis námskeið á skólaárinu til að efla sig og styrkja í starfi. Í september sat hann námskeiðið *Sálræn áföll – áfallamiðuð nálgun og þjónusta* á vegum Endurmenntun Háskóla Íslands. Á námskeiðinu var fjallað um skilgreiningar og einkenni áfalla, afleiðingar áfalla fyrir heilsufar og líðan, heildræna nálgun og viðbrögð við áföllum ásamt áfallamiðaðri þjónustu. Í október til nóvember, alls sex vikur, sótti hann námskeiðið *Áfallamiðuð nálgun í skólastarfi* á vegum Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Á námskeiðinu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti; algengi áfalla, afleidd áföll og sjálfsmildi, að bregðast við áföllum, tilfinningalegt jafnvægi og áföll í kjölfar missir. Í ljósi þess að félagsráðgjafi er hluti af áfallateymi skólans og sinnir reglulega nemendum sem hafa upplifað áföll taldi hann mikilvægt að viðhalda og dýpka þekkingu sína á áfallaviðbrögðum og úrræðum sem styðja við bataferli nemenda. Námskeiðin voru liður í að efla faglega færni og tryggja markvissari stuðning þar sem áfallaviðbrögð eru oft flókin og krefjast sérhæfðrar þekkingar og nálgunar.

Á skólaárinu varð félagsráðgjafi einn af tengiliðum skólans í þágu farsældar barna, enda samræmist starfs hans og starfsreynsla vel þeim áherslum. Vegna þessa sótti hann grunn- og framhaldsnámskeið tengiliða farsældar á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Einnig hlýddi hann á málþingið *Farsæld til framtíðar um fyrstu þrjú ár innleiðingar farsældarlaganna*. Félagsráðgjafi hefur tekið virkan þátt í tengiliðastarfi skólans með því að sækja fundi m.a. með Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ ásamt því að kynna sér reglugerðir og annað efni sem tengist hlutverkinu. Eitt af meginmarkmiðum farsældarlaganna er að draga úr vanda og vanlíðan barna og ungmenna, meðal annars með snemmtækri íhlutun. Ljóst er að skólinn býður upp á margvísleg tækifæri til slíkrar íhlutunar og hefur félagsráðgjafi sett upp úrræðalista fyrir tengiliði skólans að styðjast við í sinni vinnu og áætlunargerð. Félagsráðgjafi setti fimm mál í sambættingu 1. stigs þjónustu og fylgdi eftir áætlunum í þeim tilvikum. Þá bárust honum einnig tvö mál sem tilheyra 2. og 3. stigs þjónustu, þar sem hann kom að málunum í hlutverki tengiliðs.

Félagsráðgjafi skólans sat a.m.k. á mánaðarlegum fundum sem fulltrúi skólans í verkefninu Öruggeri Suðurnes sem er svæðisbundið samráð um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Á meðal verkefna hans var að mynda hóp og sjá um fundi tengdum ungmennum á svæðinu og sitja í framkvæmdateymi varðandi undirbúning samráðsfundar. Félagsráðgjafi sótti rafrænt ráðstefnuna *Vernd barna gegn ofbeldi á heimili* sem haldin þann 5.júní 2025. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um verklag lögreglu varðandi tilkynningar og málsmeðferð ef grunur vaknar um heimilisofbeldi gegn börnum, farið var yfir tölulegar upplýsingar um ofbeldismál og innleiðingu nýrra verkfæra hjá BOFS ásamt afleiðingar ofbeldis á þolendur, inngrip og úrræði.

Í nóvember sótti félagsráðgjafi á 2,5 daga námskeið í Bjargráðakerfinu Björg til að efla faglega færni í að styðja við nemendur sem glíma við áskoranir í daglegu lífi m.a. varðandi tilfinningalegan vanda og seiglu. Kerfið byggir á lausnamiðaðri nálgun og veitir hagnýtar leiðir til að styrkja nemendur til sjálfshjálpar og efla bjargráð.

Félagsráðgjafi hefur átt samstarf við aðila innan skólans sérstaklega stjórnendur og námsráðgjafa en átta kennarar höfðu samband vegna áhyggjur af nemendum. Mjög gott samstarf hefur verið við fagaðila utan skólans sérstaklega við sálfræðinga Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og félagsþjónustuna. Samvinnan miðar að því að tryggja heildstæða nálgun og samræmd úrræði í þágu einstakra nemenda með það að markmiði að styðja meðal annars við námsframvindu, félagslega aðlögun og vellíðan.

Félagsráðgjafi hefur á árinu lagt áherslu á þróun hagnýtra úrræða sem nýtast í ráðgjöf og stuðningi við nemendur. Unnin hafa verið fjölbreytt verkefni og efni sem styðja við markmið einstaklingsviðtala, t.d. í tengslum við sjálfsmynd, líðan, markmiðasetningu, samskiptafærni og seiglu. Verkefni byggja á lausnamiðaðri nálgun þar sem unnið er að því að efla innsýn, sjálfshjálpar og virkni nemandans sjálfs í eigin ferli.

Í ljósi þeirrar hættu sem fylgir brotthvarfi úr námi hefur félagsráðgjafi unnið út frá áætlun sem hann bjó til varðandi snemmtækan stuðning við nemendur sem sýna merki um brotthvarf. Áætlunin felur í sér greiningu áhættupátta, regluleg stuðningsviðtöl, mat á frekari úrræðum auk þess að finna raunhæfar lausnir í samráði við nemanda sem stuðlar að áframhaldandi þátttöku í náminu. Félagsráðgjafi hefur metið þörf á ákveðnum úrræðum út frá þeim áskorunum sem koma reglulega upp í starfi og hefur í kjölfarið lagt fram tillögur að nýjum nálgunum eða útfært lausnir í samráði við nemendur. Meðal annars hefur verið unnið með stuðningstækni til að efla tilfinningastjórn, bjargráð og áhugahvöt nemenda sem glíma við erfiðleika í námi og daglegu lífi.

Foreldrar og forráðamenn nemenda geta óskað eftir ráðgjöf í tengslum við hagsmuni og líðan nemenda og alls óskuðu þrettán eftir foreldraráðgjöf eða viðtali og fengu tíu þeirra eitt viðtal og þrír tvö. Markmið ráðgjafarinnar er að styrkja foreldra í hlutverki sínu og stuðla að bættri samvinnu milli heimilis og skóla. Í sumum tilvikum fólst ráðgjöfin í hagnýtum leiðbeiningum, í öðrum tilfellum var vísað í frekari stuðning eða samráð haft við aðra sérfræðinga.

9.5 Samantekt

Þjónusta félagsráðgjafa hefur nú fest sig enn frekar í sessi sem hluti af stuðningskerfi skólans og hefur orðið sýnilegri meðal nemenda, starfsfólks og foreldra, þó vissulega meggi gera betur. Sýnileiki þjónustunnar er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að draga úr hindrunum fyrir nemendur sem vilja leita sér aðstoðar og tryggja að þjónustan sé aðgengileg á forsendum þeirra. Fjöldi erinda á skólaárinu endurspeglar skýra þörf fyrir félagslega og tilfinningalega aðstoð innan skólakerfisins. Nemendur leituðu til félagsráðgjafa vegna margvíslegra þátta sem snertu bæði persónulega líðan og ytri aðstæður, oft samverkandi áskoranir sem höfðu áhrif á námsframvindu, skólasókn og félagslega virkni. Slík mál kalla á heildræna nálgun þar sem hugað er að einstaklingnum í samhengi við umhverfi hans og þau áhrif sem það hefur á velferð og framtíðarmöguleika. Viðtöl og stuðningur við nemendur hafa því ekki eingöngu miðað að því að leysa úr tímabundnum vanda heldur einnig að styrkja þá í að takast á við framtíðaráskoranir með aukinni seiglu og trú á eigin getu. Félagsráðgjöf innan skólans gegnir þar mikilvægu hlutverki sem hluti af snemmtækri íhlutun og forvarnarstarfi með áherslu á sjálfsefningu, stuðning, lausnamiðaða nálgun og heildarsýn auk þess að greina vanda þannig að hægt sé að leggja mat á frekari úrræði.

Með áframhaldandi þróun þjónustunnar, auknu samstarfi við aðila innan og utan skólans, tengiliðastarfinu og samfelldu mati á árangri er stefnt að því að þjónustan verði enn áhrifaríkari og nái til fleiri nemenda sem gætu þurft á henni að halda.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi tók saman.



Á vorönn útskrifaðist fyrsti hópurinn úr einka- og styrktarþjálfun.

10 Skýrsla alþjóðafulltrúa

10.1 Inngangur

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Skólinn sótti um aðild að Erasmus+ áætluninni haustið 2022 og fékk samþykktu aðild bæði í almennum skólahluta (leik-, grunn- og framhaldsskólastig) og starfsmenntahluta vorið 2023. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli skólans og Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir skólanum fjármagn til evrópsks samstarfs árin 2023-2027.

10.2 Haustönn

Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur fór í starfsspeglunarferð á vegum Erasmus+ ásamt starfsfólki bókasafna fleiri framhaldsskóla til Stokkhólms í Svíþjóð í júní.

Þrír nemendur fóru sem skiptinemar í eina önn í Erasmus+ samstarfi AFS og FS. Alexandra Matthíasdóttir fór til Belgíu og þær Helena Orelj og Sara Mist Atladóttir fóru til Ítalíu.

Bryndís Garðarsdóttir og Anna Karlsdóttir Taylor íslenskukennarar fóru á námskeiðið Artificial Intelligence and eCultural Heritage á Krít dagana 5.-9. ágúst á styrk frá Erasmus+.

Ragnheiður Ýr Þórisdóttir fór í þriggja mánaða starfsþjálfun á Erasmus+ styrk til Noregs þar sem hún vann hjá rafverktaka við ýmis störf, t.d. uppsetningu sólarrafhlaðna.

Hópur sjö nemenda ásamt tveimur kennurum fór til Zagreb í Króatíu í september og heimsótti þar nemendur sem komu hingað síðasta vetur frá skólanum Vladimir Prelog. Nemendur í ferðinni voru Bjarki Freyr Bjarkason, Birgir Logi Birgisson, Ísabella Auður Nótt Matthíasdóttir, Katrín Tinna Snorradóttir, Patrekur Bjarnason, Ragnheiður Inga Hjaltadóttir, Söldís Embla Ingibjargadóttir og Thelma Kristín Freysdóttir. Guðmundur Grétar Karlsson og Harpa Kristín Einarsdóttir kennarar fylgdu hópnum í ferðinni.

Við fengum gesti frá Noregi dagana í september þegar þær Margrét Johannsdóttir og Siv Hege Korsavn Vestøl heimsóttu sjúkraliðadeildina og ræddu meðal annars framtíðar möguleika í samstarfi og skiptum á nemum í starfsþjálfun.

Átta nemendur í þýsku fóru til Berlínar með styrk frá Erasmus+ í október. Þar heimsóttu þau Ferdinand-Freiligrath Secondary School, skoðuðu borgina og æfðu sig í tungumálinu. Nemendur sem fóru í þessa ferð voru Aleksandra Sienkiewicz, Arnór Bjarmi Atlason, Eldur Hugi Einarsson, Ísabella A.N. Matthíassdóttir, Magnús Máni Sverrisson, Rinesa Sopi, Tómas Orri Place og Vilhjálmur Logi Helgason Blöndal. Kennari þeirra Veska Andrea Jónsdóttir fylgdi hópnum í ferðinni.

Hópur nemenda og kennara frá samstarfsskóla okkar í Orihuela á Spáni heimsóttu okkur í október. Spænsku nemendurnir gistu á heimilum og var viðamikil og spennandi dagskrá alla dagana.

Nýtt Nordplusverkefni fór af stað með ferð til Litháen í nóvember. Verkefnið kallast Technological solutions for the future og er samstarf skóla frá Litháen, Svíþjóð og Danmörku auk okkar. Níu nemendur fóru til Litháen en það voru þau Adam Sami Naili, Alex Örn Skúlason, Aron Ingi Vilbergsson, Emelía Rós Símonardóttir, Guðlaug Emma Erlingsdóttir, Helgi Þór Guðmundsson, Kristófer Máni Halldórsson, Margrét Ösp Árnadóttir og Theodór Elmar Jónatansson. Gísli Freyr Ragnarsson og Rósa Guðmundsdóttir fylgdu hópnum.

Evangelia Mika og Apostolia Maladaki frá Geniko Lykeio Edessas í Grikklandi heimsóttu skólann í desember. Þær kenna sögu, heimspeki og tungumál og hafa áhuga á samstarfi í framtíðinni.



Hópur frá skólanum fór til Zagreb í Króatíu í september.

10.3 Vorönn

Fimm nemendur af sjúkraliðabraut fengu Erasmus+ styrk til að fara í vinnustaðanám erlendis. Tveir þeirra dvöldu í Danmörku í þrjár vikur, þær Matthildur Erna Hörpudóttir og Selma Líf Óskarsdóttir og þrír í Portúgal í tvær vikur, þær Birgitta Sól Bjarnadóttir, Brynja Dís Vela Grétudóttir og Júlía Steinunn Jóhannsdóttir. Kennari þeirra Sigríður Rós Jónatansdóttir fylgdi hópnum sem fór til Portúgal.

Á önninni fóru tveir hópar kennara í skólaheimsóknir til Finnlands. Annar hópurinn kynnti sér skipulag á verk- og starfsnámi en hinn heimsótti skóla sem sérhæfir sig í að sameina nám og afreksíþróttir. Í báðum heimsóknum var lögð sérstök áhersla á að kanna tækifæri fyrir nemendur okkar sem hafa áhuga á að stunda nám erlendis með Erasmus+ styrk. Bjarki Ásgeirsson, Björgvin Jónsson Karl, Guðmundur Grétar Karlsson, Gunnar Baldvin, Valdimarsson, Kristinn Þórhallsson og Sverrir Gunnarsson heimsóttu Winnova skólann í Rauma Finnlandi til þess að kynna sér starfsnám en Andrés Þórarinn Eyjólfsson, Elvar Smári Sævarsson, Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir heimsóttu Omnia í Espoo sem býður upp á frábært utanumhald og aðstöðu fyrir nemendur í íþróttum

Fimm kennarar fengu einnig Erasmus+ styrk til þátttöku í starfstengdum námskeiðum erlendis og tveir fengu styrk frá SEF (samtökum um endurmenntun framhaldsskólakennara). Tveir kennarar úr vélstjórn, þeir Ívar Valbergsson og Þorsteinn Ingi Hjálmarsson, fóru á námskeið í mars sem haldið var í Póllandi. Þar fengu þeir þjálfun í hermum sem eru notaðir við kennslu hér í skólanum. Tveir stærðfræðikennarar fóru á námskeið á Ítalíu í apríl, þær Margrét Alda Sigurvinsdóttir og Þjóðbjörg Gunnarsdóttir þar sem lögð var áhersla á notkun stafrænna verkfæra í stærðfræðikennslu. Námskeiðið kallaðist Digital Tools for Mathematics: Focus on GeoGebra and LaTeX. Þá fóru Ingibjörg Böðvarsdóttir, Kristín Þóra Möller og Sólveig Sveinbjörnsdóttir á námskeiðið Arts for the Inclusion of Migrants, Refugees, and Disadvantaged Populations sem haldið var í Flórens í ágúst.

Dagana 30. mars til 4. apríl kom stór hópur nemenda og kennara í heimsókn í tengslum við Nordplus verkefnið *Technological solutions for the future*. Hópurinn samanstóð af nemendum og kennurum frá Litháen, Danmörku og Svíþjóð. Þétt dagskrá var alla dagana bæði hér í skólanum og utan hans.

Í mars heimsótti stór hópur kennara frá Noregi skólann og fræddist um skólakerfið okkar og forvarnir. Í sama mánuði kom hópur kennara og stjórnenda frá Grikklandi til okkar í heimsókn og kynnti sér skólastarfið og skólakerfið á Íslandi. Maria Nenou frá Grikklandi kom til okkar í starfsspeglun í apríl og tók að sér gestakennslu í íslensku þar sem hún fræddi nemendur um gríska goðafræði og bar hana saman við þá íslensku.

Harpa Kristín Einarsdóttir alþjóðafulltrúi tók saman.

11 Skýrsla matsnefndar

11.1 Inngangur

Skólaárið 2024 - 2025 skipuðu fimm kennarar matsnefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það voru þau Inga Lilja Eiríksdóttir, Garðar Þór Garðarsson, Hulda Egilsdóttir, Íris Lind Björnsdóttir og Margrét Alda Sigurvinsdóttir ásamt Guðmundi Grétari Karlssyni aðstoðarskólameistara. Hópurinn hittist með reglulegu millibili yfir skólaárið en unnið er samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður árlega. Sumir matsþættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á [vef skólans](#).

Helstu verkefni matsnefndar á haustönn 2024

- Kennslumat þar sem kennsla í áföngum tuttugu kennara var metin.
- Könnun á móttöku nýrra nemenda.
- Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2025

- Kennslumat þar sem kennsla í áföngum átján kennara var metin.
- Könnun um félagsleg tengsl og vellíðan á vinnustað.
- Rýnifundir um móttöku nýrra starfsmanna.
- Valfrjáls miðannarkönnun á kennslu í áföngum.
- Kaffihúsafundur með kennurum.
- Lýðræðisfundur með nemendum.
- Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

11.2 Könnun á reynslu nýnema

Könnun var lögð fyrir nýnema á haustönn 2024 þar sem m.a. var spurt um upplifun þeirra á nýnemadeginum og hvort þeir hefðu upplýsingar um þjónustu skólans. Þátttökuhlutfall var um 80%. Langflestir svarendur voru ánægðir með nýnemadaginn og töldu nýnema hafa fengið góðar upplýsingar um þjónustu í skólanum og aðgengi að henni. Könnunin var lögð fyrir í umsjónartímum í gegnum Innu.

11.3 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum

Farið er yfir einkunnadreifingu og brotthvarf í áföngum hverrar annar með kennurum á fundum og niðurstöður ræddar. Þessi rýni miðar að því að meta hvar betur megi fara í einstökum áföngum og hvernig bregðast þurfi við með t.d. breyttu skipulagi kennslu og námsmati og/eða endurnýjum námsefnis eftir atvikum.

11.4 Kennslumat

Reglulegt kennslumat var lagt fyrir á haustönn 2024 og vorönn 2025. Kennslumatið var lagt fyrir rafrænt í gegnum INNU og að þessu sinni var matið lagt fyrir alla hópa tuttugu kennara á haustönn og átján kennara á vorönn. Þeir kennarar eru síðan boðaðir í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar. Niðurstöður kennslumatsins voru yfir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun en þó var matið örlítið undir viðmiðum í fullyrðingunni „Mér líður vel í þessum áfanga“ á haustönn 2024. Svarhlutfallið í kennslumati var 84% á haustönn og 77% á vorönn. Kennslumatinu var fylgt markvisst eftir á meðan á fyrirlagningu þess stóð og fóru fulltrúar úr matsnefnd inn í kennslustofur til að fylgja matinu eftir í hverjum áfanga. Helstu niðurstöður má sjá í töflu 1.

 Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja haustönn 2024 og vorönn 2025				
Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti		H2024	V2025	Viðmið
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,21	4,15	
2	Kennarinn er stundvís	4,24	4,44	
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,17	4,51	
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,22	4,49	
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,25	4,48	
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,24	4,46	
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,14	4,25	
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,11	4,1	
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt	4,1	4,28	
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,19	4,33	
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,07	4,32	
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,22	4,37	
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,12	4,12	3,8
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,11	4,1	3,8
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum	3,95	4,06	
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,28	4,47	
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,2	4,28	4,25
Meðaltal allra spurninga		4,17	4,31	

Tafla 1 sýnir spurningalista kennslumatsins og heildarmat nemenda við hverri þeirra.

11.5 Könnun um félagsleg tengsl og vellíðan á vinnustað

Könnun um félagsleg tengsl og vellíðan á vinnustað var lögð fyrir allan starfsmannahópinn á vorönn 2025. Svarhlutfall var um 60%. Miklum meirihluta starfsmanna finnst starfsandinn góður og vinnustaðurinn góður félagslega. 18% af þeim sem svöruðu upplifa stundum félagslega einangrun á vinnustaðnum sem er eitthvað sem má skoða.

Í lok könnunarinnar voru þátttakendur beðnir um að koma með hugmyndir að viðburðum sem skólinn eða starfsmannafélagið gæti staðið fyrir og var þeim hugmyndum skilað til stjórnenda og starfsmannafélagsins.

11.6 Móttaka nýrra starfsmanna

Haldnir voru rýnifundir með því starfsfólki sem hóf störf við skólann á síðustu tveimur árum. Starfsfólk var beðið um að segja frá því sem því fannst vel gert í móttöku nýrra starfsmanna og því sem betur mætti fara. Meginatriði í því sem fram kom á fundunum voru tekin saman og send á stjórnendur.

Sem dæmi um það sem nefnt var að betur mætti fara var t.d. sala matarmiða, merking skápa, aðgangur starfsmanna að gögnum á sameignarsvæði, bílastæðamál, uppsetning á prenturum o.þ.h. Þá kom einnig fram að nauðsynlegt er að stjórnandi sé meðvitaður um og grípi inn í ef nýliði missir af nýliðafundi og þeirri kynningu sem þar fer fram.

11.7 Miðannarkönnun

Á vorönn 2025 bauð matsnefnd öllum kennurum að leggja miðannarkönnun fyrir nemendur sína þar sem lagðar voru fyrir þá tvær spurningar: „Hvað hefur tekist vel í áfanganum að þínu mati?“ og „Hvað má bæta eða gera öðruvísi í áfanganum að þínu mati?“

Alls tóku 22 kennarar þátt í könnuninni. Könnunin tókst vel og er stefnan að bjóða upp á miðannarkönnun aftur fyrir miðannarmat með lítilsháttar breytingum á orðalagi spurninganna.

1. Hvað telur þú að hafi heppnast vel í þessum áfanga. Nefndu eitt eða fleiri atriði.
2. Hvað telur þú að megi bæta í þessum áfanga. Nefndu eitt eða fleiri atriði.

Vinsamlegast svaraðu af kurteisi; óviðeigandi og ómálefnaleg svör verða ekki tekin til greina.

Bæði kennarar og nemendur sem tóku þátt í könnuninni voru sérstaklega ánægð með könnunina og það tækifæri að bregðast við endurgjöf á önninni og/eða halda áfram með það sem gengur vel.

11.8 Kaffihúsafundur með kennurum

Haldinn var kaffihúsafundur með kennurum á vorönn 2025 þar sem viðfangsefnið var kennslumatið. Umræðurnar á fundinum voru tvískiptar:

1. Hvaða skoðun hafið þið á framkvæmdinni og úrvinnslunni á kennslumatinu?

Hvernig ráðgjöf eða stuðning mynduð þið vilja fá til að vinna úr kennslumatinu?

Mynduð þið vilja að framkvæmdin og úrvinnslan væri með öðrum hætti? Hvernig þá? Allar ábendingar eru vel þegnar.

Hvernig nýtið þið ykkur kennslumatið?

Teljið þið að kennslumat geti bætt nám nemenda?

2. Kennslumatið sem lagt hefur verið fyrir síðastliðnar annir inniheldur 17 spurningar ásamt dálki þar sem hægt er að koma skriflegum athugasemdum á framfæri.

Hvaða skoðun hafið þið á spurningunum sem nú eru lagðar fyrir?

Mynduð þið vilja breyta spurningalistanum sem nú er notaður? Hvernig þá (t.d. fækka, fjölga, breyta spurningum/áherslum, breyta orðalagi, framsetningu eða svarmöguleikum o.s.frv.)?

Góðar umræður mynduðust í hópunum og hefur matsnefnd tekið saman helstu niðurstöður. Kennslumatið verður áfram í skoðun á næsta skólaári í matsnefndinni.

11.9 Lýðræðisfundur

Á vorönn bauð matsnefnd nemendum að taka þátt í lýðræðisfundi. Tilgangurinn var að leita eftir skoðunum og hugmyndum nemenda um skólann. Þátttakan var ekki nægilega góð en á fundinn mættu átta nemendur. Umræðuefnið skiptist í þrennt:

1. Félagslífið

- Hvað er vel gert?
- Hvað má bæta ?
- Klúbbar

2. Kennslumat

- Hver er ykkar upplifun af kennslumati?
- Hafið þið skoðun á spurningunum?

3. Þjónusta skólans

- Samskipti við starfsfólk
- Hvað er gott við þjónustu skólans?
- Hvað má bæta við þjónustu skólans?

Þeir nemendur sem mættu á fundinn voru ánægðir með tækifærið og voru virkir í umræðum. Nemendum finnst þjónustan í skólanum mjög góð og eru mjög ánægð með allt starfsfólk skólans og skólann í heild. Unnið verður áfram með niðurstöður fundarins og þeim miðlað til viðeigandi aðila.

11.10 Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við Sameyki. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnana í könnun Sameykis á stofnun ársins. Skólinn fær því titilinn stofnun ársins 2024. Heildareinkunn skólans var 4,33 og var svarhlutfall var 70-79%. Þeir þrír þættir sem skoruðu hæst voru ánægja og stolt, jafnrétti og sjálfstæði í starfi. Þeir þættir sem skoruðu lægst voru launakjör, sveigjanleiki vinnu og vinnuskilyrði.



Skólinn var stofnun ársins í flokka stórra ríkisstofnana.

11.11 Lokaorð

Jafnvel þó að margt sé sannarlega jákvætt í skólastarfinu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er mikilvægt að nýta sóknarfærin sem fyrir hendi eru og gera enn betur. Árangursríkt skólastarf, þar sem bæði nemendum og starfsfólki líður vel og leggur sig fram, er eftirsóknarvert bæði fyrir skólasamfélagið og samfélagið í heild. Hlutverk matsnefndar er að vinna að markvissu mati á skólastarfinu, fylgja umbótum eftir og stuðla með þeim hætti að jákvæðum skólabrag og farsæld.

Inga Lilja Eiríksdóttir tók saman.



Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja á vorönn 2025.

12 Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirfarandi flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

- Aðstoðar félagslífsfulltrúa og stjórn NFS við skemmtanir
- Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun
- Samtakahópurinn
- Viðtalstími
- Lýðheilsuráð FS

12.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS

Nemendafélagið hefur verið virkt í vetur og haldið utan um ýmsar skemmtanir og viðburði með félagslífsfulltrúa sér til aðstoðar. Haldin voru nokkur skemmtikvöld og í öllum tilfellum gengu þau vel án þess að forvarnafulltrúi hafi þurft að hafa afskipti af nemendum.

Þrjú skólaböll voru á skólaárinu, eitt á haustönn og tvö á vorönn og fóru þau öll vel fram. Í haust voru keyptir tveir nýir áfengismælar og farið var yfir þann gamla fyrir okkur. Það hefur komið sér vel að hafa þrjá mæla á böllum. Röðin í edrúpottinum hefur gengið hraðar fyrir sig og hlutfallslega fleiri hafa blásið á böllum í vetur. Lögregla verið einnig verið sýnileg á böllum í vetur sem er jákvætt. Hlutverk forvarnafulltrúa á böllum hefur verið að grípa inn í ef nemendur verða uppvísir að ölvun. Forvarnafulltrúi hringir heim til nemenda ef þeir eru undir 18 ára og upplýsir foreldra/forráðamenn og lætur sækja þá nemendur. Nemendum yfir 18 ára er vísað út af böllum og þeim komið heim eftir öðrum leiðum.

Nemendafélagið hélt Hljóðnemann sem fór vel fram en níu keppendur tóku þátt og nokkur fjöldi nemenda mætti á sal skólans til að hvetja. Forvarnafulltrúi var á staðnum og þurfti ekki að hafa afskipti af nemendum eða öðrum gestum.

Málfundarfélagið Kormákur tók þátt í Morfís ræðukeppni í vetur. Ein keppni var haldin í FS og var forvarnafulltrúi því miður ekki viðstaddur en félagslífsfulltrúi var á staðnum og fór keppnin vel fram.

12.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun

Forvarnarstarf tengist mikið skemmtunum og viðburðum sem NFS heldur og hefur verið komið inn á í kaflanum hér að ofan. Í daglegu skólastarfi í FS kemur fyrir að nemendur gerast brotlegir vegna rafrettunotkunar og notkunar á nikótínþúðum. Forvarnarfulltrúi hefur reynt að vera sýnilegur á göngum skólans og í Miðgarði þegar tækifæri gefst. Ítrekuð brot nemenda undir 18 ára eru tilkynnt foreldrum/forráðamönnum og rætt er við nemendur sem eru eldri en 18 ára. Lítið hefur verið um ítrekuð brot nemenda á notkun rafrettna.

12.3 Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist reglulega yfir skólaárið. Fundir Samtakahópsins hafa í vetur alltaf verið haldnir á kennslutíma og því hefur forvarnarfulltrúi ekki getað mætt á fundi í vetur.



Nemendur tóku virkan þátt í Bleika deginum.

12.4 Forvarnir í framhaldsskólum

Forvarnarfulltrúi FS hefur í vetur verið í samskiptum við forvarnarfulltrúa í öðrum framhaldsskólum á landinu þar sem ýmis mál hafa verið rædd tengt forvörnum í framhaldsskólum í gegnum Facebook vef.

12.5 Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er alltaf til taks þegar þörf er á.

12.6 Forvarnardagur

Forvarnarfulltrúi og námsráðgjafi tóku þátt í að skipuleggja forvarnardag sem haldinn er í fyrsta miðvikudag í október hvert ár fyrir nemendur á 1. ári í framhaldsskóla. Umsjónarkennarar fóru yfir glærur í umsjónartíma á haustönn og stýrðu umræðum um þætti er tengjast fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði forvarna með umsjónarnemendum sínum.

Lilja Dögg Friðriksdóttir forvarnarfulltrúi tók saman.

13 Skýrsla félagslífsfulltrúa

13.1 Inngangur

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala, og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundar með nemendafélaginu í hverri viku.

Félagslífsfulltrúi er viðstaddur allar uppákomur á vegum nemendafélagsins. Hann á í miklu samstarfi við forvarnarfulltrúa, bæði varðandi böll og aðrar skemmtanir. Að auki sér félagslífsfulltrúi um að ráða kennara í gæslu á viðburðum félagsins eftir því sem við á.

13.2 Skólaárið 2024-2025

Skólaárið 2024-2025 var fjölbreytt. Í upphafi skólaársins var haldin nýnemavika þar sem ýmsar uppákomur voru haldnar til að bjóða nýnema velkomna í skólann. Boðið var upp á súkkulaðiköku, haldið var kappát og spilaður körfubolti. Á nýnemaskemmtikvöldi tóku nýnemar þátt í ratleik og skemmtu flestir sér mjög vel. Þá var einnig haldin skemmtun í Njarðvíkurskógi þar sem farið var í leiki, boðið upp á pylsur og sungið. Nýnemakosningar voru haldnar snemma á önninni þar sem nýnemum gafst kostur á að bjóða sig fram í nefndir félagsins. Einungis nýnemar höfðu atkvæðarétt í þessum kosningum.

Þrjú böll voru haldin á árinu, eitt á haustönn og tvö á vorönn. Nýnemaball var haldið í Stapanum í byrjun september og 80's þemaball var haldið í febrúar. Árshátíðarball var svo haldið í apríl, fyrr en oft hefur verið vegna þess hversu seint páskar voru þetta ár. Böllin fóru vel fram og nemendur skemmtu sér vel. Þátttaka í „edrúpotti“ var nokkuð góð. Pantaðir voru tveir nýjir mælar og sá sem við áttum fyrir var tekinn í gegn. Þetta þýddi að hægt var að hafa þrjá áfengismæla í gangi. Þetta stytti bið við edrúpottinn og sáum við aukningu strax á fyrsta balli. Þátttaka jókst enn meir á þemaballi í febrúar en lækkaði því miður aftur á árshátíðarballi. Árshátíðarkvöldverður var að þessu sinni haldinn í matsal skólans. Skreytinganefnd skreytti matsalinn glæsilega og Bruno kokkur eldaði dýrindismáltíð.

Skemmtikvöld voru haldin nokkrum sinnum á árinu. Þar voru sýnd myndbönd frá Hnísunni, keppt í lazertag, og haldnar spurningakeppnir og bingó svo fátt eitt sé nefnt.

Þá voru haldnar nokkrar þemavikur yfir árið. Haldin var íþróttavika með ýmsum íþróttatengdum viðburðum. Þema var í klæðnaði og haldnar ýmsar keppnir. Jólavika var haldin í lok nóvember og byrjun desember. Þar voru sýndar jólamyndir, boðið upp á kakó, keppt í piparkökuhúsaskreytingum og haldinn jólaþeysudagur. Nú var tekin upp sú nýlunda að hafa tvær úttarpsvikur, aðra á haustönn og hina á vorönn og mátti heyra nokkra skemmtilega þætti. Í Valentínusarviku bauðst nemendum að kaupa og senda hver öðrum súkkulaðihúðuð jarðarber. Stórt bingó var haldið í vikunni þar sem vinningarnir komu frá versluninni Blush.

Bleikum degi var fagnað nokkrum dögum fyrir hinn hefðbundna bleika dag en það var vegna vetrarfrís í skólanum. Nemendur og kennarar voru duglegir að mæta í bleikum fatnaði en boðið var upp á vöflur með bleikum rjóma. Í september tók nemendafélagið þátt í gula deginum sem haldinn er til að minna á forvarnir gegn sjálfsvígum. Mátti sjá marga klædda gulu þann dag.

Í febrúar var söngkeppnin Hljóðneminn haldin en öll umgjörð var hin glæsilegasta. Þar kepptu tíu atriði en Elín Snæbrá Bergsdóttir stóð uppi sem sigurvegari. Elín tók þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FS og stóð sig með glæsibrag.

Líkt og áður tókum við þátt í bæði Gettu betur og Morfís og lögðu allir sig mikið fram. Morfís liðið okkar stóð sig glæsilega og vann fyrstu tvær viðureignir sínar en mátti lúta undanhaldi í undanúrslitum.

Í mars var haldin góðgerðavika. Þar var boðið upp á alls kyns skemmtilega viðburði. Kennarar og formenn nemendafélagsins fórnðu sér í rjómakast þar sem nemendur borguðu fyrir þau forréttindi að fá að kasta rjóma í fórnarlömbin. Alls kyns áheiti voru gefin og tóku bæði nemendur og starfsfólk þátt. Í góðgerðarvikunni söfnuðust rúmlega 300 þúsund krónur. Þetta árið rann styrkurinn til Minningarsjóðs Bryndísar Klöru sem hefur það að markmiði að styðja við almannaeillaverkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi.

Tvö Vizkustykki voru gefin út á árinu. Umtalað var hversu flott blöðin hefðu verið. Þykk og innihaldsrík og mun veglegri en oft áður. Auk þess voru sýnd tvö ný myndbönd frá Hnísunni og nýtt lag frumflutt á árinu.

Haldið var áfram að nýta leyfisbréf vegna fjarvista úr kennslustundum vegna vinnu fyrir NFS. Kunnum við kennurum hinar bestu þakkir fyrir samvinnuna.

Undir lok apríl voru haldnar vorkosningar til stjórnar NFS fyrir skólaárið 2025-2026. Kosningar þetta vorið voru mjög áhugaverðar. Sjálfkjörið var í embætti formanns en þar barst aðeins eitt framboð. Halda þurfti nýja kosningu um varaformann þar sem enginn frambjóðandi hlaut 50% kosningu í fyrri umferð. Því var kosið aftur milli þeirra tveggja sem hlutu flest atkvæði.

Nýja aðalstjórn fyrir veturinn 2025-2026 skipa eftirfarandi nemendur:

- Formaður: Tristan Einarsson
- Varaformaður: Mikael Máni Hjaltason
- Framkvæmdastjóri: Hildur Rún Ingvadóttir
- Gjaldkeri: Hekla Sif Ingvadóttir
- Markaðstjóri: Hafþór Nói Hjaltason

Kristjana Hrönn Árnadóttir félagslífsfulltrúi tók saman.



Frá framboðsfundi fyrir kosningar nemendafélagsins.